

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2016/EES/32/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 110/15/COL frá 8. apríl 2015 um að lýsa viðbótaraðstoð Innovasjon Norge að fjárhæð 16 milljónir NOK til Finnford AS ósamrýmanlega (Noregur) . . . . .	1
2016/EES/32/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 357/15/COL frá 23. september 2015 um að hætta formlegri rannsókn á ríkisaðstoð til Sandefjord Fotball AS (Noregur) . . . . .	13
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2016/EES/32/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M. 7854 – AGRAVIS/Wilmar International/H Bögel) . . . . .	25
2016/EES/32/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7975 – Mylan/Meda) . . . . .	26
2016/EES/32/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8039 – Freudenberg/Vibracoustic) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	27
2016/EES/32/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8040 – Silver Lake Group/Cegid Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	28
2016/EES/32/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8041 – M&G/Anchorage/PHS Group Investments) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	29
2016/EES/32/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8049 – TPG Capital/Partners Group/TH real estate portfolio) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	30

<b>2016/EES/32/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8054 – 3i Group/Deutsche Alternative Asset Management/TCR CapVest) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	31
<b>2016/EES/32/10</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug (Grikkland) .....	32
<b>2016/EES/32/11</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir (Grikkland) .....	33
<b>2016/EES/32/12</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008, ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 ( <i>Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt samhæfingarlöggi Sambandsins</i> ) .....	34

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2016/EES/32/01

nr. 110/15/COL

frá 8. apríl 2015

um að lýsa viðbótaraðstoð Innovasjon Norge að fjárhæð 16 milljónir NOK til Finnfjord AS ósamrýmanlega

(Noregur)

[án trúnaðarupplýsinga] (\*)

Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið neðangreinda ákvörðun,

með vísan til:

samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 61. gr. og bókunar 26,

samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,

bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („bókunar 3“), einkum 5. mgr. 7. gr. II. hluta,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

### I. MÁLSATVIK

#### 1. Málsmeðferð

- 1) Árið 2011 voru fyrirtækin Finnfjord AS („Finnfjord“) veittar 175 milljónir NOK í ríkisaðstoð úr aðstoðarkerfi Orkusjóðs (sjá hér á eftir) vegna byggingar á orkuendurnýtingarkerfi við framleiðslustöð þess fyrir kísiljárn. Eftirlitsstofnun EFTA féllst á veitingu aðstoðarinnar með ákvörðun 39/11/COL. <sup>(1)</sup>
- 2) Í kjölfar viðræðna, sem hófust í nóvember 2012, áður en að tilkynningu kom, tilkynntu stjórnvöld í Noregi með bréfi dagsettu 26. júní 2013 viðbótaraðstoð til Finnfjord frá Innovasjon Norge í samræmi við 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókunar 3. <sup>(2)</sup> Ákvörðun þessi snýst um þá ráðstöfun.
- 3) Með bréfi dagsettu 5. júlí 2013 <sup>(3)</sup> óskaði Eftirlitsstofnun EFTA eftir frekari upplýsingum frá stjórnvöldum í Noregi. Stjórnvöld í Noregi svöruðu með bréfi dagsettu 19. ágúst 2013. <sup>(4)</sup> Með bréfi dagsettu 28. ágúst 2013 <sup>(5)</sup> óskaði Eftirlitsstofnun EFTA eftir nánari upplýsingum. Stjórnvöld í Noregi svöruðu með bréfi dagsettu 18. september 2013. <sup>(6)</sup> Með bréfi dagsettu 13. nóvember 2013 <sup>(7)</sup> tjáði Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi að hún hefði tekið ákvörðun nr. 445/13/COL um að hefja formlega rannsókn á hinni tilkynntu ráðstöfun.

(\*) Þeim upplýsingum sem falla undir þagnarskyldu hefur verið sleppt í þessum texta ákvörðunarinnar. Þar sem upplýsingum hefur verið sleppt er það merkt [...]. Þegar tölum hefur verið sleppt er eftir því sem við á sýnt talnabil sem talan rúmast á.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 278, 22.9.2011, bls. 6, og EES-viðbætur nr. 51, 22.9.2011, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Skjöl nr. 676810, 676812, 676814–676816, 676819, 676822, 676823, 676825–676827, 676829 og 676832–676834.

<sup>(3)</sup> Skjal nr. 677212.

<sup>(4)</sup> Skjöl nr. 680603–680605 og 680866–680868.

<sup>(5)</sup> Skjal nr. 681073.

<sup>(6)</sup> Skjöl nr. 683806, 683807, 683809, 683810, 683813, 683814, 683817 og 683819.

<sup>(7)</sup> Skjal nr. 686086.

- 4) Með tölvupósti dagsettu 21. febrúar 2014 <sup>(8)</sup> lögðu stjórnvöld í Noregi fram athugasemdir sínar við ákvörðunina. Hinn 10. apríl 2014 var ákvörðunin birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti <sup>(9)</sup> við þau í kjölfar langvarandi viðræðna við stjórnvöld í Noregi og Finnfjord um trúnaðarupplýsingar. Finnfjord var eini þriðji aðilinn sem lagði fram athugasemdir. <sup>(10)</sup> Með bréfi dagsettu 13. maí 2014 <sup>(11)</sup> voru athugasemdirnar framsendar stjórnvöldum í Noregi. Með bréfi dagsettu 6. júní 2014 <sup>(12)</sup> lögðu stjórnvöld í Noregi fram athugasemdir um þessar athugasemdir þriðja aðila. Með tölvupósti dagsettu 25. september 2014 <sup>(13)</sup> lagði Finnfjord fram frekari athugasemdir. Með tölvupósti dagsettu 8. október 2014 <sup>(14)</sup> óskaði Eftirlitsstofnun EFTA eftir frekari upplýsingum frá Finnfjord. Finnfjord svaraði með tölvupóstum 24. og 27. október 2014. <sup>(15)</sup> Þessar viðbótarathugasemdir og -upplýsingar voru framsendar til stjórnvalda í Noregi með bréfi dagsettu 27. október 2014. <sup>(16)</sup> Stjórnvöld í Noregi svöruðu með bréfi dagsettu 12. nóvember 2014. <sup>(17)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA átti í óformlegum tölvu- og símasamskiptum við stjórnvöld í Noregi og Finnfjord frá nóvember 2014 til janúar 2015.

## 2. Tilkynnta ráðstöfunin – styrkur að fjárhæð 16 milljónir NOK

- 5) Tilkynnta fyrirhugaða ráðstöfunin er beinn styrkur að fjárhæð 16 milljónir NOK til Finnfjord frá Innovasjon Norge. Honum er ætlað að standa straum af hluta kostnaðarauka við verkefnið úr [680–720] milljónum NOK í [um það bil 800] milljónir NOK.
- 6) Með bréfi dagsettu 10. desember 2012 upplýsti Innovasjon Norge Finnfjord um ákvörðun sína að framkvæma tilkynntu ráðstöfunina.

## 3. Lán sem Innovasjon Norge og SNN veittu

- 7) Innovasjon Norge hefur greint frá því að Finnfjord þarfnadist [80–95] milljóna NOK til viðbótar til að ljúka við orkuendurnýtingarverkefnið. Því stóðu 16 milljónir NOK aðeins straum af hluta kostnaðaraukans.
- 8) Innovasjon Norge lánaði Finnfjord einnig 18 milljónir NOK á sama tíma og það veitti Finnfjord 16 milljóna NOK beina styrkinn. Finnfjord hafði þá þegar fengið 100 milljónir NOK að láni hjá Innovasjon Norge í tengslum við sama verkefni. Ekkert þessara lána hefur verið tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA. Innovasjon Norge er þeirrar skoðunar að þau hafi verið veitt á markaðskjörum og feli því ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 9) Finnfjord tryggði sér lán að fjárhæð [45–60] milljónir NOK frá fjármálastofnuninni SpareBank 1 Nord-Norge („SNN“) samhliða 18 milljóna NOK láninu frá Innovasjon Norge. SNN hafði þegar veitt Finnfjord lán vegna verkefnisins að fjárhæð [300–325] milljónir NOK.
- 10) Beini styrkurinn að fjárhæð 16 milljónir NOK og lánin tvö að fjárhæð 18 milljónir NOK og [45–60] milljónir NOK stóðu samanlagt straum af [80–95] milljóna NOK kostnaðaraukanum.

## 4. Innovasjon Norge

- 11) Innovasjon Norge er opinber aðili sem stofnað var til með lögum um Innovasjon Norge. <sup>(18)</sup> Það er í eigu norska ríkisins (51%), og heyrir sá hluti undir ráðuneyti sveitarstjórnar- og byggðaðrúunarmála, og allra 19 norsku fylkisyfirvaldanna (49%). Innovasjon Norge er fjármagnað af ríkisfjármunum.

<sup>(8)</sup> Skjal nr. 700230.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB C 108, 10.4.2014, bls. 2 og EES-viðbætur nr. 22, 10.4.2014, bls. 19.

<sup>(10)</sup> Ódagsett bréf frá Finnfjord sem Eftirlitsstofnun EFTA skráði 16. apríl 2014 (skjal nr. 705906).

<sup>(11)</sup> Skjal nr. 708022.

<sup>(12)</sup> Skjal nr. 710453.

<sup>(13)</sup> Skjöl nr. 723413–723421 og 723424.

<sup>(14)</sup> Skjal nr. 725001.

<sup>(15)</sup> Skjöl nr. 726975–726980 og 726985.

<sup>(16)</sup> Skjal nr. 726981.

<sup>(17)</sup> Skjal nr. 729928.

<sup>(18)</sup> LOV 2003-12-19-130 *Lov om Innovasjon Norge*.

**5. Enova SF**

- 12) Enova SF („Enova“) er ríkisfyrirtæki <sup>(19)</sup> sem er alfarið í eigu norska ríkisins og heyrir undir olfu- og orkumálaráðuneytið. Það ber ábyrgð á stjórnun aðstoðarkerfis Orkusjóðs, ríkisaðstoðarkerfis sem styður við umhverfisvernd og sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti með ákvörðunum nr. 125/06/COL <sup>(20)</sup> og nr. 248/11/COL. <sup>(21)</sup> Enova er fjármagnað af ríkisfjármunum.
- 13) Samkvæmt aðstoðarkerfi Orkusjóðs skipuleggur Enova samkeppnir um aðstoð þar sem þau verkefni vinna sem skila bestum orkuárangri fyrir hverja NOK af veittri aðstoð. <sup>(22)</sup>

**6. Lok orkuendurnýtingarverkefnisins og greiðsla Enova á síðustu hlutagreiðslu aðstoðarinnar**

- 14) Enova greiðir ekki síðustu 20% af einstakri aðstoðarráðstöfun fyrir en það hefur samþykkt lokaskýrslu verkefnis. <sup>(23)</sup> Samkvæmt fréttatilkynningu Finn fjord <sup>(24)</sup> var orkuendurnýtingarkerfið tilbúið og komið í notkun 30. október 2012. Hinn 22. nóvember 2012 samþykkti Enova lokaskýrslu Finn fjord. Hinn 23. nóvember 2012 greiddi Enova síðustu 35 milljónir NOK aðstoðarinnar (20% af 175 milljóna NOK heildarfjárhæð aðstoðarinnar).

**7. Viðtakandi – Finn fjord AS („Finn fjord“)**

- 15) Finn fjord er fjölskyldufyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð. Verið, sem fyrirhuguð aðstoð er ætluð, er á Finnsnesi í Troms fylki, næstnyrsta fylki í Noregi.

**8. Kostnaðarauki**

- 16) Í tilkynningu, sem var undanfari ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 39/11/COL frá 9. febrúar 2011, þar sem 175 milljóna NOK aðstoð Enova við Finn fjord var samþykkt, var áætlað að fjárhagsáætlun vegna orkuendurnýtingarverkefnisins væri 511,66 milljónir NOK. Aðstoðin var veitt til að setja upp orkuendurnýtingareiningu í stað kælikerfis sem var þegar til staðar. Áformað var að framleiða árlega 224 GWh af raforku og endurheimta 125 GWh af gufu sem verður til í framleiðsluferlum. Þannig var áætlað að ársframleiðsla orku væri 349 GWh.
- 17) Samkvæmt tilkynningunni, sem hér er til umfjöllunar, hafði áætluð fjárhagsáætlun í febrúar 2011 þegar hækkað um 190 milljónir NOK úr 511,66 NOK milljónum í 700 milljónir NOK. Þrátt fyrir þessa verulegu hækkun ákvað stjórn Finn fjord 7. febrúar 2011 að halda verkefninu áfram. Finn fjord sótti ekki um frekari aðstoð á þeim tíma. Tilkynntu aðstoðinni er ekki ætlað að standa straum af kostnaðarauka sem 700 milljóna NOK matið byggir á.
- 18) Kostnaðaraukinn er að miklu leyti kominn til vegna ákvörðunar Finn fjord um að leggja einungis áherslu á það í verkefninu að framleiða raforku með gufu (og endurheimta ekki gufu sem verður til í framleiðsluferlum) með því að kaupa öflugri vatnsgufuverfil. Hverfillinn var pantaður 7. janúar 2011. Gengið var frá lagalega bindandi samningi um hverfillinn 23. febrúar 2011. Í bréfi dagsettu 16. febrúar 2011 greindi Finn fjord Enova frá því að öflugri hverfill hefði verið pantaður sem gæti árlega framleitt 344,5 GWh af raforku. Þessi aukna raforkuframleiðsla var því nærri áætlaðri 349 GWh heildarframleiðslu á raforku og gufu. Á þeim grundvelli fór Finn fjord fram á að gufufframleiðsla yrði undanskilin frá verkefninu sem nýtur aðstoðar. Með bréfi dagsettu 17. febrúar 2011 samþykkti Enova breytinguna á verkefninu.
- 19) Finn fjord gaf Enova framvinduskýrslur meðan á verkefnisstiginu stóð. Í skýrslu sinni dagsettri 30. apríl 2012 vísaði Finn fjord til frekari kostnaðarauka í tengslum við byggingu hverfilsins, gufu- og þéttiröra og skurða. Viðbótarkostnaðurinn nam um 5 milljónum NOK. Finn fjord miðaði enn að því að halda heildarkostnaði verkefnisins undir þeim 700 milljónum NOK sem voru áætlaðar.

<sup>(19)</sup> Á norsku: *Statsforetak*. Starfsemi Enova fer fram í samræmi við lög nr. 71 frá 30.8.1991 um ríkisfyrirtæki.

<sup>(20)</sup> Stjtið. ESB L 189, 17.7.2008, bls. 36, og EES-viðbætur nr. 43, 17.7.2008, bls. 1.

<sup>(21)</sup> Stjtið. ESB C 314, 27.10.2011, bls. 4, og EES-viðbætur nr. 58, 27.10.2011, bls. 2.

<sup>(22)</sup> Samkeppni um aðstoð samkvæmt aðstoðarkerfi Orkusjóðs er lýst í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 248/11/COL (vísað til hér á undan), 27.–36. mgr.

<sup>(23)</sup> Sjá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 248/11/COL (vísað til hér á undan), 37. mgr.

<sup>(24)</sup> Birt á vefsetri Finn fjord: [http://www.finnfjord.no/weve\\_got\\_the\\_power](http://www.finnfjord.no/weve_got_the_power).

- 20) Í framvinduskýrslu dagsettri 29. júní 2012 var heildarkostnaðaráætlun ennþá 700 milljónir NOK. Á þeim tíma var þó áætlað að kostnaðarauki af verkefninu yrði [5–10] milljónir NOK til viðbótar. Stjórn Finnjard ræddi þennan kostnaðarauka á fundi 19. júní 2012. Stjórnvöld í Noregi hafa ekki greint frá því af hverju [10–15] milljóna NOK heildarkostnaðaraukinn ([...]) leiddi ekki til breytingar á 700 milljóna NOK heildarkostnaðaráætluninni í framvinduskýrslunni 29. júní 2012.
- 21) Stjórnvöld í Noregi hafa greint frá því að Finnjard hafi á einum tíma vorið 2012 gengið til óformlegra viðræðna við Enova um að fá viðbótaraðstoð til að standa straum af kostnaðarakanum við verkefnið. Hinn 5. júlí 2012 sótti Finnjard formlega um viðbótaraðstoð frá Enova í framhaldi af óformlegu viðræðunum. Á þeim tíma hafði Finnjard endurskoðað heildarkostnaðarmat sitt í [730–760] milljónir NOK.
- 22) Upplýsingar sem Eftirlitsstofnun EFTA voru láttnar í té benda til þess að á grundvelli endurskoðunar á fjárhagsáætlun, sem lokið var við 31. júlí 2012, hafi Finnjard komist að þeirri niðurstöðu að verkefnið yrði kostnaðarmeira og að heildarkostnaðarmatið hefði verið hækkað upp í milli [740] milljóna NOK og [um það bil 800] milljóna NOK. Kostnaðaraukinn tengdist: aðlögun á vélbúnaði sem var til staðar, aðlögun á þremur bræðsluofnum sem voru til staðar, aðlögun á reykrásunum, uppsetningu í hverfilhúsi og öðrum byggingum, lengri framleiðslustöðvun en gert hafði verið ráð fyrir og frágangi við verklok og uppsetningu. Finnjard fór fram á viðbótaraðstoð frá Enova til að tryggja að verkefnið stæðist þeirra eigin arðsemiskröfu. Finnjard gerði nánari grein fyrir ástæðum kostnaðaraukans í framvinduskýrslu sinni dagsettri 12. september 2012.
- 23) Finnjard ræddi óformlega við Enova snemma í ágúst 2012 um hugsanlega frestun á vinnu við þriðja bræðsluofninn og að hún yrði flokkuð sem aðskilið verkefni svo sækja mætti um frekari aðstoð frá Enova á grundvelli þess að um nýtt verkefni væri að ræða.
- 24) Með bréfi dagsettu 20. ágúst 2012 hafnaði Enova umsókninni um aðstoð.
- 25) Áætlaður heildarkostnaður var orðinn [um það bil 800] milljónir NOK þegar stjórn Finnjard kom saman 25. september 2012. Stjórn Finnjard tók þrjá mismunandi kosti til athugunar á þeim fundi:
- i. Nota almennt sjóðstreymi fyrirtækisins til að fjármagna kostnaðaraukann og ljúka við verkefnið.
  - ii. Fresta vinnu við þriðja bræðsluofninn, flokka þá vinnu sem aðskilið verkefni og sækja um frekari aðstoð Enova.
  - iii. Afla [80–95] milljóna NOK viðbótarfjármögnunar frá Enova (aðstoð), SNN (lán) og Innovasjon Norge (lán og aðstoð) til þess að ljúka við verkefnið.
- 26) Stjórnin tók ákvörðun um að velja þriðja kostinn.
- 27) Innovasjon Norge hefur látið Eftirlitsstofnun EFTA í té útdrátt úr bókun frá stjórnarfundinum um þriðja kostinn. Í útdráttinum kemur eftirfarandi fram um umsókn um frekari aðstoð frá Enova og Innovasjon Norge:
- „Hugsanlegum styrkjum/lánum Enova og Innovasjon Norge verður varið beint í að lækka lausafjárán sem sótt var um [hjá SNN].“<sup>(25)</sup>*
- 28) Samkvæmt Innovasjon Norge komst stjórnin að þeirri niðurstöðu að fyrsti kosturinn þýddi í raun að fjármögnun verkefnisins væri á kostnað lánardrottna Finnjard, sem væri óráðlegt að lögum og ekki haldbær lausn til lengri tíma. Auk þess leit stjórnin samkvæmt Innovasjon Norge ekki svo á að annar kosturinn væri raunhæfur vegna þess að hún komst að þeirri niðurstöðu að frestun vinnu við þriðja bræðsluofninn yrði óhóflega kostnaðarsöm.
- 29) Í athugasemdum sínum við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn gerðu stjórnvöld í Noregi grein fyrir því að endanlegur heildarkostnaður næmi [um það bil 800] milljónum NOK. Stjórnvöld í Noregi hafa ekki gert grein fyrir því hvenær komist var að endanlegri niðurstöðu.

<sup>(25)</sup> Bréf frá stjórnvöldum í Noregi dagsett 18.9.2013 (skjal nr. 683806). Þýðing Eftirlitsstofnunar EFTA: “Eventuelle tilskudd/lán fra Enova og Innovasjon Norge, vil gå til direkte reduksjon av omsøkte likviditetslån.”

## 9. Yfirlit kostnaðarauka

Dagsetning, viðburður	Áætluð fjárhagsáætlun í milljónum NOK
Upphafslag fjárhagsáætlun eins og lýst er í ákvörðun nr. 39/11/COL frá 9. febrúar 2011	511,66
7. febrúar 2011, stjórnarfundur Finn fjord	[680–720]
5. júlí 2012, Finn fjord sækir um frekari aðstoð frá Enova	[730–760]
31. júlí 2012, endurskoðun fjárhagsáætlunar Finn fjord	[740–790]
25. september 2012, stjórnarfundur Finn fjord	[740–790]
Endanlegur heildarkostnaður	[um það bil 800]

## 10. Veiting aðstoðar Innovasjon Norge og [80–95] milljóna NOK pakkinn

- 30) Hinn 28. ágúst 2012 hóf Finn fjord óformlegar viðræður við Innovasjon Norge og SNN í því skyni að fá þær [80–95] milljónir NOK sem þurftu til að fjármagna verkefnislok.
- 31) Með bréfi dagsettu 1. október 2012 sótti Finn fjord formlega um viðbótarlán frá SNN. Finn fjord sótti um viðbótarlán og -styrki hjá Innovasjon Norge 11. október 2012 án þess að tilgreina aðstoðarfjárhæð.
- 32) Svo virðist sem SNN hafi boðið Finn fjord lán að fjárhæð [80–95] milljónir NOK fyrir miðjan október 2012. SNN gerði tilboðið hins vegar skilyrt um veðtryggingu sem skaðaði veðtryggingu láns sem fyrir var frá Innovasjon Norge. <sup>(26)</sup> Innovasjon Norge samþykkti ekki þessa lausn. Finn fjord, SNN og Innovasjon Norge sömdu þess í stað um eftirfarandi [80–95] milljóna NOK fjármögnunarpakka:
- Aðstoðin frá Innovasjon Norge að fjárhæð 16 milljónir NOK.
  - Skammtímalán Innovasjon Norge að fjárhæð 18 milljónir NOK með [5–9] % vöxtum (breytilegum í samræmi við stefnu Innovasjon Norge um áhættulán) með jafnrétt háum veðum (*pari passu*) og 100 milljóna NOK lán Innovasjon Norge sem hafði þegar verið veitt.
  - Skammtímalán SNN að fjárhæð [45–60] milljónir NOK með [...] mánaða NIBOR-vöxtum <sup>(27)</sup> + [300–600] grunnpunktar með jafnrétt háum veðum (*pari passu*) og [300–325] milljóna NOK lán SNN sem hafði þegar verið veitt.
- 33) Formlega var gengið frá [80–95] milljóna NOK fjármögnunarpakkanum og Finn fjord samþykkti hann með viðaukasamningi til samræmingar og SNN, Innovasjon Norge og Finn fjord skrifuðu undir hann 12. desember 2012. Samningurinn, sem var ætlað að stýra innbyrðis tengslum samningsaðilanna þriggja, tók til lánsamnings dagsetts 12. desember 2012 milli Finn fjord og SNN og lánsamnings dagsetts 10. desember 2012 milli Finn fjord og Innovasjon Norge.
- 34) Þó svo að lán Innovasjon Norge og SNN hafi þegar verið greidd út verður 16 milljóna NOK aðstoðin til Finn fjord aðeins greidd út að fengnu samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA.

## 11. Athugasemdir

### 11.1 Athugasemdir sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram til að bregðast við upphafi formlegu rannsóknarinnar

- 35) Innovasjon Norge leggur áherslu á að þegar ákveðið var að veita 16 milljónum NOK var ekki tekið til athugunar að lána Finn fjord fjármagnið þar eð fyrirtækið hafi ekki haft fullnægjandi veð fyrir nýjum lánum allt að [80–95] milljónir NOK.
- 36) Hvað varðar ákvörðun Finn fjord um að sækja ekki um frekari aðstoð Enova í febrúar 2011 greinir Innovasjon Norge frá því að Enova hefði einhliða lækkað fjárhæðina úr 200 milljónum NOK og

<sup>(26)</sup> Samkvæmt Innovasjon Norge: „Þegar Finn fjord [...] sótti um [80–95] milljóna NOK fjármögnun hafði [SNN] þegar samþykkt lán að sömu fjárhæð en með tryggingarskilmálum sem Innovasjon Norge gat ekki gengið að“ í bréfi Innovasjon Norge til Eftirlitsstofnunar EFTA, dagsettu 18.9.2013, bls. 12.

<sup>(27)</sup> Norskir millibankavextir.

lagt áherslu á að úthlutun 175 milljóna NOK aðstoðar væri einstaklega hátt aðstoðarhlutfall og að í engu öðru verkefni mætti gera ráð fyrir því að álíka stuðningur væri veittur. Finn fjord leit því svo á að umsókn um frekari aðstoð mundi ekki skila árangri. Fyrirtækið breytti hins vegar nálgun sinni þegar það öðlaðist vitneskju um ákvörðun Enova að veita 350 milljóna NOK aðstoð til nánast eins verkefnis Elkem AS. <sup>(28)</sup>

- 37) Innovasjon Norge hefur lagt fram endurskoðað reikniskjal þar sem tekið er tillit til athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn. Miðað við endanlegan [um það bil 800] milljóna NOK kostnað við verkefnið, 15 ára líftíma verkefnisins og að sannreynt hefði verið að raforkuframleiðsla hefði aukist stig af stigi fyrstu þrjú árin í 344,5 GWh hámarksframleiðslu á ári er arðsemi, reiknuð með líkani Enova, án 16 milljóna NOK aðstoðarinnar [um það bil 9] %. Með aðstoðinni yrði arðsemin [um það bil 11] %. Innovasjon Norge heldur því fram að verkefnið sé þess vegna ekki arðbært miðað við almenna fjárfestingarstefnu Finn fjord þar sem krafist er arðsemi á bilinu [10–20] % fyrir þess háttar fjárfestingar sem eru ekki hluti af kjarnastarfsemi fyrirtækisins.
- 38) Innovasjon Norge leggur áherslu á að Finn fjord hafi byggt ákvörðun sína um að halda verkefninu áfram á útreikningum sínum innanhúss, sem eru frábrugðnir þeim útreikningum sem greint er frá hér að ofan (miðað við líkan Enova). Innovasjon Norge bendir á að því hafi ekki verið látnir í té útreikningar Finn fjord. Innovasjon Norge bendir á að, að því er virðist andstæð, sjónarmið Innovasjon Norge og Enova stafi líklegast af þeim mun sem er á innri reglum og starfsvenjum Enova og Innovasjon Norge.

#### **11.2 Athugasemdir Finn fjord sem þriðja aðila til svars við birtingu á ákvörðun um að hefja formlega rannsókn**

- 39) Finn fjord vísar til þess sem fyrirtækinu virðist vera augljós mótsögn í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA þar sem eftirlitsstofnunin undanskilur annars vegar ekki beint hvatningaráhrif aðstoðarinnar í þessu máli en vekur um leið máls á því hvort Finn fjord hafi tekið til athugunar að hætta við verkefnið, minnka það eða stöðva. Finn fjord leggur áherslu á að þrátt fyrir að stjórn þess hafi, fram að stjórnarfundi 25. september 2012, ætlað sér að ljúka við verkefnið, skuli ekki líta á það sem yfirlýsingu um vilja eða getu til að ljúka við verkefnið hvað sem það kostaði. Samkvæmt fyrirtækinu sýna málsatvik og tölur, sem Eftirlitsstofnun EFTA voru látin í té, greinilega fram á að Finn fjord gæti ekki reitt af hendi fê til að ljúka við verkefnið án viðbótarfjármögnunarinnar. Finn fjord gat ekki boðið neina viðbótartryggingu og hefði því ekki geta aflað frekari lánsfjármögnunar. Finn fjord hafnar því bráðabirgðaáliti Eftirlitsstofnunar EFTA að litið yrði á aðstoðina sem vel þeginn, en strangt til tekið ekki nauðsynlegan, þátt fjármögnunarinnar.
- 40) Líkt og Innovasjon Norge leggur Finn fjord áherslu á að lækkun aðstoðar Enova úr 200 milljónum NOK í 175 milljónir NOK hafi verið einhliða stefnuákvörðun stjórnar Enova. Finn fjord bendir á talsvert misræmi sem fyrirtækið telur vera í yfirlýsingum Enova um hvatningaráhrif af viðbótaraðstoð við verkefnið og leggur áherslu á að sjónarmið Enova og Innovasjon Norge um hvatningaráhrif aðstoðarinnar, sem virðast vera andstæð, skipti ekki máli þar eð stefna Enova sé ekki eins rúm og heimilt er samkvæmt leiðbeinandi reglum <sup>(29)</sup> um aðstoð á sviði umhverfisverndar.
- 41) Varðandi matið á því hvort aðstoð sé viðeigandi stjórn tæki virðist Finn fjord hafna þeirri hugmynd að framkvæma skuli matið á grundvelli séraðstæðna í því máli sem hér um ræðir og vísar þess í stað aftur til ákvörðunar nr. 39/11/COL þar sem Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu að upphafleg veiting 175 milljóna NOK aðstoðar hefði verið viðeigandi stjórn tæki til að hrinda af stað fjárfestingu í verkefninu áður en hafist var handa við það.
- 42) Hvað meðalhóf varðar leggur fyrirtækið áherslu á að kostnaður við verkefnið sé orðinn tvöfalt meiri en upphaflega var áætlað. Arðsemin, 12,35%, var við neðri mörk arðsemiskröfu Finn fjord. Greint er frá því að án 16 milljóna NOK aðstoðarinnar sé [um það bil 9] % arðsemin með breytingum mun lægri en Finn fjord hefði samþykkt „*ef fyrirtækið hefði haft ákvarðanafrelsi*“. Arðsemin, [um það bil 11] %, með 16 milljóna NOK aðstoðinni telst meira að segja vera afar hófleg ávöxtun. Finn fjord vísar til þess að með aðstoðinni sé byrðinni deilt með viðunandi hætti

<sup>(28)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti þá aðstoð með ákvörðun nr. 304/13/COL (Stjtið. ESB C 330, 14.11.2013, bls. 7, og EES-viðbætur nr. 63, 14.11.2013, bls. 5).

<sup>(29)</sup> Stjtið. ESB L 144, 10.6.2010, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 29, 10.6.2010, bls. 1.



milli Innovasjon Norge og SNN og leggur áherslu á að lánsfé í verkefnum hafi aukist verulega. Fyrirtækið er eitt ábyrgt vegna vanskilaáhættu. Aðstoðin leiði því, að mati Finn fjord, augljóslega ekki til ofgreiðslu.

- 43) Finn fjord telur að viðbótaraðstoð Innovasjon Norge muni ekki grafa undan samkeppnisfyrirkomulaginu í aðstoðarkerfi Orkusjóðs. Finn fjord leggur áherslu á að samkeppnisfyrirkomulagið í aðstoðarkerfi Orkusjóðs komi aðeins í veg fyrir að verkefni með minnstu skilvirknina fái aðstoð þegar sótt er um hærra fjárhæð en sem nemur fjárhagsáætlun kerfisins. Fyrirtækið hvetur Eftirlitsstofnun EFTA til að taka til athugunar hvort það gæti gengið gegn rétti stjórnvalda í Noregi til ráðstöfunar almannafrjár að veita samkeppnisfyrirkomulagi í aðstoðarkerfi Orkusjóðs forgang. Finn fjord nefnir í því samhengi efasemdir sínar um hvort Eftirlitsstofnun EFTA hafi réttmætan lagagrundvöll umfram reglur um uppsöfnun til að tryggja að úthlutun stakrar aðstoðar raski ekki virkni aðstoðarkerfis. Finn fjord greinir frá því að tilkynntu aðstoðinni sé úthlutað með opnum og gagnsæjum hætti.

### 11.3 Önnur lota athugasemda Finn fjord sem þriðja aðila

- 44) Meðan á formlegu rannsókninni stóð barst Eftirlitsstofnun EFTA önnur lota athugasemda Finn fjord, sem þriðja aðila, þar sem fyrirtækið gerir nánari grein fyrir því hvernig skortur á lausafé haustið 2012 hefði leitt til þess að hætt hefði verið við verkefnið ef ekki hefði komið til viðbótarfjármögnunar sem úthlutun aðstoðar Innovasjon Norge hratt af stað. Finn fjord vísar til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA í máli um álbræðslu í Helgúvík <sup>(30)</sup> til að færa rök fyrir því af hverju tilkynnta aðstoðin hefði hvatningaráhrif.
- 45) Fyrirtækið leggur fram yfirlýsingar frá SNN, endurskoðanda Finn fjord og stjórnarformanni til vitnis um nauðsyn aðstoðar. Fyrirtækið leggur enn fremur fram reikniskjal með uppfærðum útreikningi á hreinu núvirði verkefnisins (sem Innovasjon Norge staðfesti) sem sýnir [smávægilega neikvæða arðsemi] % að teknu tilliti til aðstoðarinnar. Finn fjord vísar til stjórnsýsluframkvæmdar Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnarinnar <sup>(31)</sup> í tengslum við nýsköpunarverkefni með ófyrirséðan kostnað þar sem það telst samrýmast framkvæmd reglna um ríkisaðstoð að veita aðstoð sem hundraðshluta af óþekktum heildarkostnaði frekar en að veita fasta fjárhæð.
- 46) Í framhaldi af því lagði Finn fjord að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA fram afrit af fjármögnunarsamningunum tveimur, sem SNN, Innovasjon Norge og Finn fjord gerðu 14. júní 2011 og 12. desember 2012, auk gagna þess efnis að ekki hefði verið fyrir hendi óveðsett trygging.

### 11.4 Athugasemdir stjórnvalda í Noregi um umsagnir þriðju aðila

- 47) Stjórnvöld í Noregi hafa lagt fram athugasemdir um þessar tvær lotur athugasemda Finn fjord sem þriðja aðila. Stjórnvöld í Noregi eru sammála Finn fjord og hafa gert grein fyrir smávægilegum málsatvikum varðandi fjármögnunarleidd fyrirhuguðu 16 milljóna NOK aðstoðarinnar. Útskýringar þessar hafa ekki reynst nauðsynlegar við mat Eftirlitsstofnunar EFTA á tilkynntu ráðstöfuninni þar eð greiðsla fjármuna eftir viðeigandi leiðum hefur farið fram með samræmdum hætti.

## II. MAT

### 1. Er um ríkisaðstoð að ræða?

- 48) Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóða svo:

*„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“*

- 49) Þetta felur í sér að ráðstöfun telst vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt samtímis: ráðstöfunin: i) er veitt af hálfu ríkisins eða af

<sup>(30)</sup> Ákvörðun nr. 344/09/COL, Álbræðsla í Helgúvík, (Stjtið. ESB C 294, 3.12.2009, bls. 17 og EES-viðbæti nr. 64, 3.12.2009, bls. 10).

<sup>(31)</sup> M.a. ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 503/08/COL *Mongstad prófunarmiðstöðin* (Stjtið. ESB C 297, 20.11.2008, bls. 11 og EES-viðbætur nr. 69, 20.11.2008, bls. 2) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli N 117/2007 Afmengun á svæði „Neue Maxhütte Stahlwerke GmbH“ sem „57 Profi-Start GmbH“ framkvæmdi (Stjtið ESB C 275, 16.11.2007, bls. 2).

ríkisfjármunum, ii) veitir viðtakanda sértækan, efnahagslegan ávinning, iii) er til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila og að raska samkeppni.

- 50) Aðstoðarráðstöfunin verður að vera á vegum ríkisins eða fela í sér nýtingu ríkisfjármuna. Í því samhengi er vísað til þess að Innovasjon Norge er opinber aðili. Styrkir þess eru fjármagnaðir af norska ríkinu. Tilkynnta ráðstöfunin er þar af leiðandi fjármögnuð af ríkisfjármunum og framseljanleg til Finnjörd undir stjórn opinbers aðila sem er undir stjórn ríkisins. Eftirlitsstofnun EFTA telur þar af leiðandi að ríkisfjármunir komi við sögu.
- 51) Til þess að tilkynnta ráðstöfunin teljist ríkisaðstoð verður hún að færa Finnjörd ávinning sem leysir fyrirtækið undan greiðslum sem það þyrfti ella að inna af hendi af rekstrarfé sínu. Ráðstöfunin verður einnig að vera sértæk í þeim skilningi að hún ívilni „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“. Beini 16 milljóna NOK styrkurinn er yfirfærsla handbærs fjár sem Finnjörd hefði ekki fengið við venjulegar rekstraraðstæður. Fyrirhuguð aðstoð er eingöngu ætluð Finnjörd. Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að Finnjörd hljóti sértækan, efnahagslegan ávinning af þessum beina styrk.
- 52) Ráðstöfunin verður að vera til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum til þess að hún teljist vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. samningsins. Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd er nægilegt eitt og sér að ráðstöfun styrki stöðu fyrirtækis samanborið við önnur fyrirtæki sem keppa í viðskiptum milli EES-ríkja til þess að komist sé að þeirri niðurstöðu að ráðstöfunin sé til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum og raska samkeppni milli fyrirtækja sem hafa staðfestu í öðrum EES-ríkjum. <sup>(32)</sup> Finnjörd framleiðir kísiljárn og örkísl sem það selur á Evrópumarkaði. <sup>(33)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að aðstoðin hafi áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum og raski samkeppni á EES-svæðinu þar eð aðstoðarþegi starfar innan geira þar sem viðskipti milli samningsaðila eiga sér stað.
- 53) Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að tilkynnta ráðstöfunin, sem beinn 16 milljóna NOK styrkur Innovasjon Norge til Finnjörd, sé ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

## 2. Málsmeðferð

- 54) Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3: „Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda [...]. Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrr en endanleg niðurstaða liggur fyrir.“
- 55) Með bréfi dagsettu 26. júní 2013 tilkynntu stjórnvöld í Noregi 16 milljóna NOK aðstoðarráðstöfunina. Aðstoðin hefur verið veitt skilyrt með fyrirvara um samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA og hefur þar af leiðandi ekki verið greidd.
- 56) Með vísan til veittra upplýsinga virðist sem aðstoðin hafi verið veitt á grundvelli aðstoðarkerfis sem ekki hafði verið tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA þar eð stjórnvöld í Noregi töldu hana falla undir þágildandi reglugerð um almenna hópundanþágu. <sup>(34)</sup> Styrkir Enova og Innovasjon Norge teljast fjárfestingaraðstoð til sama fyrirtækis til sama fjárfestingarverkefnis. Stjórnvöld í Noregi komust því að þeirri niðurstöðu að tilkynna þyrfti aðstoðina til Finnjörd sérstaklega þar eð aðstoðin, að viðbætti aðstoðinni frá Enova, færi yfir þau efri mörk fyrir staka aðstoð sem falla undir tilkynningaskyldu. <sup>(35)</sup>

<sup>(32)</sup> Mál E-6/98, *Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [1999], skýrsla EFTA dómstólsins bls. 76, 59. mgr., mál 730/79, *Philip Morris gegn framkvæmdastjórn* EU:C:1980:209, 11. mgr. en þar kemur fram að „þegar ríkisaðstoð styrkir stöðu fyrirtækis gagnvart öðrum fyrirtækjum sem keppa um viðskipti á bandalagsmarkaði verður að líta svo á aðstoðin hafi áhrif á þau fyrirtæki“.

<sup>(33)</sup> Eins og lýst er í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 39/11/COL (vísað til hér á undan).

<sup>(34)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6.8.2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 3) felld inn í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn.

<sup>(35)</sup> Sjá b-lið 1. mgr. 6. gr. í tengslum við 1. mgr. 7. gr. þágildandi reglugerðar um almenna hópundanþágu.

Í b-lið 1. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi fram „Þessi reglugerð gildir ekki um staka aðstoð af neinu tagi, hvort sem um er að ræða sérstaka aðstoð eða aðstoð á grundvelli kerfis, þar sem vergt styrkigildi fer yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk [...] b) fjárfestingaraðstoð til umhverfisverndar: 7,5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert fjárfestingarverkefni.“  
Í 1. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi fram: „Við ákvörðun á því hvort viðmiðunarmörk fyrir stakar tilkynningar, sem mælt er fyrir um í 6. gr., og hámarkshlutfall aðstoðar, sem mælt er fyrir um í II. kafla, séu virt skal tekið mið af heildarfjárhæð opinbers stuðnings við starfsemina eða verkefnið sem nýtur aðstoðar, óháð því hvort stuðningurinn er fjármagnaður af staðbundnu, svæðisbundnu, landsbundnu framlagi eða af sjöðum Bandalagsins.“

- 57) Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld í Noregi hafi fullnægt þeim skuldbindingum sínum sem leiða af 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókonar 3.

### 3. Samrýmanleiki – Lagagrundvöllur

- 58) Innviðsýning Norge heldur því fram að aðstoðin við Finnfiord samrýmist ákvæðum c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem aðstoð á sviði umhverfisverndar. Innviðsýning Norge leggur áherslu á að þessi aðstoð teljist ekki björgunaraðstoð.
- 59) Á grundvelli staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins má líta svo á að „aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða“ samrýmist framkvæmd EES-samningsins, enda hafi slík aðstoð ekki svo mikil áhrif á viðskiptaskilyrði og samkeppni á EES-svæðinu að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.
- 60) Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti með ákvörðun nr. 39/11/COL upphaflega aðstoð úr aðstoðarkerfi Orkusjóðs fyrir orkuendurnýtingarverkefni Finnfiord að undangengnu ítarlegu mati eftirlitsstofnunarinnar á aðstoðinni í samræmi við 5. kafla leiðbeinandi reglna á sviði umhverfisverndar. Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu að tilkynnta aðstoðin frá Enova stuðlaði að umhverfisvernd með því að hvetja Finnfiord til að framkvæma orkusparnaðaraðgerðir sem hefðu ekki verið framkvæmdar án aðstoðarinnar.
- 61) Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 16. júlí 2014, eftir að formleg rannsókn hófst, nýjar leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku 2014–2020 <sup>(36)</sup> og komu þær í stað leiðbeinandi reglna um aðstoð á sviði umhverfisverndar. <sup>(37)</sup> Frá þeim degi að telja sem leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku öðlast samþykki <sup>(38)</sup> beitir Eftirlitsstofnun EFTA þeim einnig þegar henni ber að taka ákvörðun um veitta staka aðstoð sem tilkynnt var áður en leiðbeinandi reglurnar um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku voru samþykktar. <sup>(39)</sup>
- 62) Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti aðstoð Enova sem orkusparnaðaraðgerð. Í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku er ekki að finna kafla um orkusparnað en kafla um orkunýtni hefur verið bætt við. <sup>(40)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA metur samrýmanleika tilkynntu aðstoðarinnar á grundvelli kaflans um orkunýtni í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku.
- 63) Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að mat stofnunarinnar á samrýmanleika tilkynntu ráðstöfunarinnar í máli því sem hér um ræðir hefði ekki verið verulega frábrugðið hefði hún beitt leiðbeinandi reglum um aðstoð á sviði umhverfisverndar. Til að sýna fram á það er bæði vísað til viðeigandi meginreglna leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku og leiðbeinandi reglna um aðstoð á sviði umhverfisverndar í því sem hér fer á eftir.

### 4. Umfang formlegrar rannsóknar

- 64) Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, og við mat á tilkynntu ráðstöfuninni samkvæmt þágildandi leiðbeinandi reglum um aðstoð á sviði umhverfisverndar, lagði Eftirlitsstofnun EFTA áherslu á að þar sem hún hefði þegar lagt mat á samrýmanleika aðstoðar Enova við orkuendurnýtingarverkefni Finnfiord teldi hún ekki leika vafa á því að viðbótaraðstoðinni væri beint að markaðsbresti vegna þess hve lág fjárhæðin væri hlutfallslega í samanburði við upphaflegu aðstoðina. Á þeirri forsendu að aðstoðin hefði hvatningaráhrif og að þörf væri á henni taldi Eftirlitsstofnun EFTA ennfremur engan vafa leika á því að röskun á samkeppni og áhrif á viðskipti yrðu lítil og að heildaráhrifin væru því jákvæð. Ekki verður því fjallað um þessi mál í því sem hér fer á eftir.

<sup>(36)</sup> Biður birtingar í Stjórn. ESB. og EES-viðbætur en er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>.

<sup>(37)</sup> Í 237. lið leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku.

<sup>(38)</sup> Í 237. lið leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku.

<sup>(39)</sup> Í 238. lið leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að hún mun beita leiðbeinandi reglum um aðstoð á sviði umhverfisverndar vegna aðstoðar sem er veitt samkvæmt samþykktu aðstoðarkerfi þegar henni ber að taka ákvörðun eftir að leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku öðlust gildi. Þó er það skilningur Eftirlitsstofnunar EFTA að í máli því sem hér um ræðir sé tilkynnta aðstoðin ekki veitt samkvæmt aðstoðarkerfi sem eftirlitsstofnunin hefur heimilað.

<sup>(40)</sup> „Orkunýtni“ er skilgreind í 2. undirlið 14. liðar leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku, sem umfang orkusparnaðar ákvarðað með mælingu og/eda mati á eyðslu fyrir og eftir framkvæmd ráðstöfunar um bættu orkunýtni, um leið og tryggt er að ytri áhrif, sem hafa áhrif á orkunotkun, séu jöfnuð út.

65) Viðfangsefni matsins, sem hér fer á eftir, er hvort tilkynnta aðstoðin hafi hvatningaráhrif og hvort þörf sé á henni.

## 5. Mat á því hvort aðstoð sé samrýmanleg

### 5.1 Aðstoðin hefur hvorki hvatningaráhrif né er þörf á henni

66) Til þess að aðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins verður hún að hafa hvatningaráhrif samkvæmt leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku. <sup>(41)</sup> Það er kjarnaatriði í mati á því hvort aðstoðin samrýmist reglum að tilkynnt aðstoð sé nauðsynleg til þess að til verði raunveruleg hvatningaráhrif til að ráðast í fjárfestingar sem að öðrum kosti hefði ekki orðið af. Staðfesta þarf hvort aðstoðin sé nauðsynleg hvatning til að ráðast í fjárfestinguna, þ.e. hvort aðstoðin stuðli í raun að breyttri háttsemi aðstoðarþega sem leiðir til aukinnar umhverfisverndar. <sup>(42)</sup>

67) Eftirlitsstofnun EFTA lítur að jafnaði svo á að hvatningaráhrif séu ekki fyrir hendi ef ráðist hefur verið í verkefnið áður en viðtakandi leggur fram umsókn um aðstoð. <sup>(43)</sup> Þar eð málið, sem hér um ræðir, varðar viðbótaraðstoð til að standa straum af kostnaðarauka við verkefni sem þegar hefur verið ráðist í getur Eftirlitsstofnun EFTA ekki byggt á forsendunni um að hvatningaráhrif séu fyrir hendi sem gildir um umsóknir um aðstoð sem lagðar eru fram fyrir upphaf verks. Finnfjord hóf 700 milljóna NOK verkefnið í febrúar 2011 á grundvelli 175 milljóna NOK í veittri aðstoð.

68) Eftirlitsstofnun EFTA útilokar þó ekki að aðstoð, sem veitt er til verkefnis sem þegar hefur verið ráðist í, hafi hvatningaráhrif þegar enginn vafi leikur á því að aðstoðin tryggir að lokið verði við verkefni, sem að öðrum kosti hefði ekki verið lokið við, eða fellir inn í það umhverfisvernd sem ella hefði ekki orðið af. <sup>(44)</sup> Séu hvatningaráhrif aðstoðarinnar metin í ljósi þessa þarf að rannsaka ítarlega þá stöðu sem uppi hefði verið ef ekki hefði komið til aðstoðarinnar, þ.e. hvað fyrirtækið hefði gert án aðstoðarinnar.

69) Fyrirtækið lauk verkefninu í október 2012 án þess að aðstoðin hefði verið greidd. Á grundvelli framlagðra upplýsinga og sönnunargagna lítur Eftirlitsstofnun EFTA ekki svo á að Finnfjord hafi í raun íhugað að hætta við verkefnið, draga úr umfangi þess eða stöðva það frá febrúarlokum 2011 og þar til því lauk í október 2012. Nánar tiltekið, og með vísan til niðurstaðna stjórnarfundar 25. september 2012, virðist sem fyrirtækið hafi hvorki íhugað af alvöru að hætta við verkefnið eða fresta því, í heild eða að hluta, né draga úr umfangi þess vegna óhófligs kostnaðar. Í bókun frá stjórnarfundinum 25. september 2012 kemur fram að Finnfjord hafi haft í huga að óska eftir viðbótarlánsfjármagni frá SNN og viðbótaraðstoð frá Enova og Innovasjon Norge og að allri hugsanlegri aðstoð yrði beint varið í að lækka það lán sem Finnfjord hugðist reyna að fá hjá SNN.

70) Færa má rök fyrir því að fyrirtækið styðji við þessa niðurstöðu með athugasemdunum sem það sendi þegar Eftirlitsstofnun EFTA tók ákvörðun um að hefja formlega rannsókn. Þótt fyrirtækið vísi til þess að það hafi þurft að fá [80–95] milljóna NOK fjármögnun til viðbótar og virðist lýsa því yfir að nákvæmlega sú staða, sem fyrirtækið var í, bendi til þess að það hafi íhugað að hverfa frá verkefninu, er það í mótsögn við aðrar yfirlýsingar fyrirtækisins þar sem vísað er til skorts á „ákvarðanafrelsi“ (sjá 42. mgr. hér á undan) og, einkum, þá staðreynd að Finnfjord lauk verkefninu án þess að aðstoðin hefði verið greidd.

71) Ef fyrirtækið taldi sig ekki eiga annarra kosta vól en að halda verkefninu áfram mundi aðstoðin ekki vera fyrirtækinu til hvatningar þar eð fyrirtækið hefði, með eða án aðstoðarinnar, lokið verkefninu. Staðan sem uppi hefði verið, ef til aðstoðar hefði ekki komið, er því með öðrum orðum sú að Finnfjord mundi einnig ljúka verkefninu án tafar og án þess að draga úr umfangi þess.

<sup>(41)</sup> Í 139. og 44. lið leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku. Sjá einnig 171.–173. lið leiðbeinandi reglna um aðstoð á sviði umhverfisverndar auk 27.–29. liðar sömu reglna.

<sup>(42)</sup> Í 44. lið leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku. Sjá einnig 142. lið leiðbeinandi reglna um aðstoð á sviði umhverfisverndar.

<sup>(43)</sup> Í 45. lið leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku. Sjá einnig 143. lið leiðbeinandi reglna um aðstoð á sviði umhverfisverndar.

<sup>(44)</sup> Mál T-162/06, *Kronoply* gegn *framkvæmdastjórn*, EU:T:2009:2, 85. mgr. Staðfest eftir áfrýjun máls C-117/09 *P Kronoply* gegn *framkvæmdastjórn* EU:C:2010:370.

- 72) Að áliti Eftirlitsstofnunar EFTA hefur ekki verið sýnt fram á að aðstoðin hafi verið kveikjan að [80–95] milljóna NOK fjármögnunarpakkanum og verið nauðsynleg, einkum hvað varðar [45–60] milljóna NOK lán frá SNN. Jafnvel þótt í skilmálum lánsins frá SNN séu sett skilyrði um að Innovasjon Norge veiti 16 milljóna NOK aðstoðina var fjármagnið (bæði frá SNN og Innovasjon Norge) greitt án þess að Eftirlitsstofnun EFTA hefði áður samþykkt viðbótaraðstoðina. Af þessu má sjá að unnt er að skilja milli lánsins og veitingar aðstoðarinnar. Lánveitandi, sem setur raunverulega greiðslu aðstoðarinnar sem skilyrði fyrir frekari fjármögnun, hefði beðið eftir samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA áður en hann hefði afgreitt frekara lánsfé ef þetta samþykki hefði ráðið úrslitum um það hvort lánið yrði veitt eða ekki. Auk þessa benda upplýsingar, sem Eftirlitsstofnun EFTA voru veittar, ekki til þess að Finnjard hefði þurft að endurgreiða lánið tafarlaust ef eftirlitsstofnunin hefði ekki samþykkt aðstoðina.
- 73) Til þess að aðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins verður hún að vera nauðsynleg. Aðstoðina má ekki nota til að niðurgreiða kostnað vegna starfsemi sem hefði hvort eð er fallið á fyrirtækið eða bæta fyrir eðlilega viðskiptaáhættu sem fylgir atvinnustarfsemi. <sup>(45)</sup> Hins vegar mætti líta svo á að aðstoð vegna viðbótarkostnaðar, sem kemur til vegna ófyrirsjáanlegra ytri þátta, sem teljast ekki til eðlilegrar viðskiptaáhættu sem fylgir umræddri atvinnustarfsemi, samrýmdist framkvæmd EES-samningsins. <sup>(46)</sup>
- 74) Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að Finnjard hafi í febrúar 2011, þegar það stóð frammi fyrir því að kostnaðurinn jókst úr 511,66 milljónum NOK í 700 milljónir NOK, ákveðið að halda verkefninu áfram án þess að sækja um frekari aðstoð. Því er sá kostnaður sem skiptir máli í þessari rannsókn hækkunin um [80–95] milljónir NOK frá 700 milljónum NOK í [um það bil 800] milljónir NOK. Þetta er hækkun sem nemur u.þ.b [...] %.
- 75) Miðað við framlagðar upplýsingar, eins og þeim er lýst í 22. mgr. hér að ofan, stafar kostnaðaraukinn af: aðlögun á vélbúnaði sem var til staðar, aðlögun á þremur bræðsluofnum sem voru til staðar, aðlögun á reykkrásum, uppsetningu í hverfilhúsi og öðrum byggingum, lengri framleiðslustöðvun en gert hafði verið ráð fyrir og frágangi við verklok og uppsetningu. Kostnaðaraukinn telst þess eðlis sem gera má ráð fyrir að fyrirtækið tæki tillit til við áætlanagerð vegna verkefnis sem þessa og hann telst til eðlilegrar viðskiptaáhættu sem fylgir umræddri atvinnustarfsemi. Ekki er unnt að líta svo á að kostnaðaraukinn sé til kominn vegna ytri þátta og hann virðist ekki vera ófyrirsjáanlegur. Því er unnt að greina milli umrædds máls og málsins um álbræðslu í Helgúvík <sup>(47)</sup> sem Finnjard vísar til. Aðstoðarþeginn í því máli átti í erfiðleikum með fjármögnun vegna hinnar fordæmalaus fjármálakreppu á Íslandi 2008 en þær aðstæður má réttlæga flokka sem ófyrirsjáanlegan ytri þátt. Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, telur Eftirlitsstofnun EFTA að stjórnvöld í Noregi séu með tilkynntu aðstoðarráðstöfuninni að leggja til að greiða Finnjard bætur vegna eðlilegrar viðskiptaáhættu sem fylgir því verkefni sem það efndi til.
- 76) Eftirlitsstofnun EFTA viðurkennir að niðurstaða matsins hefði hugsanlega orðið önnur hefðu stjórnvöld í Noregi veitt aðstoð að tilteknu hlutfalli styrkhæfs kostnaðar vegna verkefnisins frekar en að leggja til að aðstoðarfjárhæð væri greidd í tveimur föstum greiðslum (fyrst frá Enova og svo frá Innovasjon Norge). Þetta ætti einkum við þegar umfang ófyrirsjáanlegs viðbótarkostnaðar er verulegt og það tengist því að um nýsköpunarverkefni er að ræða og því eðli málsins samkvæmt afar erfitt að meta kostnað fyrirfram. Það álitaefni skiptir hins vegar ekki máli hvað varðar þær aðstæður sem Eftirlitsstofnun EFTA stendur frammi fyrir í því máli sem hér um ræðir.
- 77) Eftirlitsstofnun EFTA leggur áherslu á að það er stjórnvalda í Noregi að sýna fram á að skilyrðum um undanþágu frá 1. mgr. 61. gr. EES samningsins sé fullnægt. <sup>(48)</sup> Staðreyndir og rök sem stjórnvöld í Noregi (og Finnjard) hafa lagt fram hafa ekki sannfært Eftirlitsstofnun EFTA um að tilkynnt aðstoð Innovasjon Norge hafi haft hvatningaráhrif eða verið nauðsynleg.

<sup>(45)</sup> Í 44. lið leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orku.

<sup>(46)</sup> Mál T-162/06, *Kronoply* gegn *framkvæmdastjórn*, EU:T:2009:2, 88. mgr.

<sup>(47)</sup> Vísad til hér á undan.

<sup>(48)</sup> Mál C-106/09, *Framkvæmdastjórn* gegn *stjórnvöldum á Gíbraltar og Bretlandi*, EU:C:2011:732, 147 mgr. Mál C-372/97, *Ítalía* gegn *framkvæmdastjórn*, [2004] EU:C:2004:234, 81 mgr. Mál C-364/90, *Ítalía* gegn *framkvæmdastjórn*, EU:C:1993:157, 20 mgr. Mál T-68/03, *Olympiaki Aeroporía Ypiresies AE* gegn *framkvæmdastjórn*, EU:T:2007:253, 34. mgr.

78) Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að tilkynnt aðstoð Innovasjon Norge til Finnfjord skorti hvatningaráhrif og að hún hafi ekki verið nauðsynleg. Þar eð aðstoðin samræmist ekki, af þessum ástæðum einum, framkvæmd EES-samningsins mun Eftirlitsstofnun EFTA ekki meta hvort aðstoðin hafi verið viðeigandi eða hófleg.

**6. Niðurstaða – aðstoðin er ósamrýmanleg**

79) Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem stjórnvöld í Noregi hafa lagt fram kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð 16 milljóna NOK styrkveiting Innovasjon Norge til Finnfjord sé ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

80) Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að þessi aðstoð samrýmist ekki framkvæmd EES-samningsins. Stjórnvöldum í Noregi er þar af leiðandi ekki heimilt að framkvæma hana.

81) Eftirlitsstofnun EFTA fer fram á að stjórnvöld í Noregi framsendi Finnfjord tafarlaust eintak af þessari ákvörðun.

**ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:**

*1. gr.*

1. Beinn styrkur til Finnfjord að fjárhæð 16 milljónir NOK, sem stjórnvöld í Noregi tilkynntu um 26. júní 2013, er ósamrýmanlegur framkvæmd EES-samningsins.
2. Framkvæmd á honum er því óheimil.
3. Formlegri rannsókn á þessari ráðstöfun er hér með lokið.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

*3. gr.*

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Ákvörðun tekin í Brussel 8. apríl 2015

*Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA*

Oda Helen Sletnes

*Forseti*

Helga Jónsdóttir

*Stjórnarmaður*

## ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2016/EES/32/02

nr. 357/15/COL

frá 23. september 2015

um að hætta formlegri rannsókn á ríkisaðstoð til Sandefjord Fotball AS

(Noregur)

Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið neðangreinda ákvörðun,

Með vísan til:

samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 61. gr. og bóknar 26,

samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,

bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („bóknar 3“), einkum 3. mgr. 7. gr. II. hluta,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

## I. MÁLSATVIK

## 1. Málsmeðferð

- 1) Eftir að hafa borist kvartanir og að fengnum markaðsupplýsingum tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi 31. október 2013 um meinta ríkisaðstoð vegna fjármögnunar á nýjum knattspyrnuleikvangi í Sandefjord (skjal nr. 686574). Með sömu bréfaskiptum óskaði Eftirlitsstofnun EFTA upplýsinga um meinta aðstoðarráðstöfun og stjórnvöld í Noregi lögðu þær fram 29. nóvember 2013 (skjöl nr. 691773 og 691774).
- 2) Eftirlitsstofnun EFTA óskaði 16. janúar 2014 frekari upplýsinga frá stjórnvöldum í Noregi (skjal nr. 694963) og voru þær veittar 14. febrúar 2014 (skjal nr. 699518).
- 3) Á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga ákvað Eftirlitsstofnun EFTA 22. október 2014 að samþykka ákvörðun nr. 444/14/COL um að hefja formlega rannsókn á aðstoð við Sandefjord Fotball AS og bauð stjórnvöldum í Noregi að leggja fram athugasemdir. Ákvörðunin var birt í Stjórnartíðindum 15. janúar 2015 og hagsmunaaðilum boðið að leggja fram athugasemdir innan mánaðar frá því að auglýsingin birtist.
- 4) Stjórnvöldum í Noregi var veitt framlenging á fresti til að leggja fram athugasemdir til 23. desember 2014 og lögðu þau fram athugasemdir á þeim degi (skjöl nr. 733899–733901). Eftirlitsstofnun EFTA bærust ekki aðrar athugasemdir.

## 2. Aðstoðarþegi – Sandefjord Fotball AS

- 5) Félagið Sandefjord Fotball var stofnað 1998 á grundvelli samstarfssamnings milli tveggja stærstu knattspyrnufélaganna á Sandefjordsvæðinu, það er Sandefjord Ballklubb og IL Runar. Markmið samstarfsins var að koma í Sandefjord upp atvinnumannaliði sem gæti komist í efstu deild í Noregi.
- 6) Sandefjord Fotball AS, félag með takmarkaðri ábyrgð, rekur atvinnumannaliðið („úrvalslíðið“).<sup>(1)</sup> Samstarfið milli félagsins Sandefjord Fotball og Sandefjord Fotball AS er byggt á kröfum Knattspyrnusambands Noregs. Félagið rekur einnig áhugamannalið og unglingalið í knattspyrnu. Það starfrækir einnig sumarskóla í knattspyrnu og skipuleggur svæðisbundin knattspyrnumót fyrir unga leikmenn í áhugamennsku.

<sup>(1)</sup> Nánari upplýsingar um aðstoðarþega er að finna í ákvörðun nr. 444/14/COL.

### 3. Lýsing á ráðstöfuninni

#### 3.1 Forsaga

- 7) Fram til 2007 notaði úrvalslíð Sandefjord Fotball leikvangur í Bugårdsparken í eigu sveitarfélagsins til æfinga og leikja. Þessi leikvangur stóðst hins vegar ekki kröfur Knattspyrnusambands Noregs til félaga sem keppa í efstu deildinni. Kostnaðaráætlun vegna endurbóta á þeim leikvangi sem fyrir var hljóðaði upp á um það bil 40 milljónir NOK og var sveitarfélagið ekki reiðubúið til slíkra fjárfestinga.

#### 3.2 Bygging nýja leikvangsins

- 8) Árið 2005 fóru fram viðræður milli sveitarfélagsins í Sandefjord og Sandefjord Fotball AS um þann kost að byggja nýjan leikvang. Sveitarfélagið samþykkti að leggja til þá lóð sem til þurfti og Sandefjord Fotball AS að fjármagna og reka leikvanginn.
- 9) Sveitarfélagið keypti nokkrar lóðir á Pindsle-svæðinu fyrir alls um það bil 3,7 milljónir NOK. Á þessum tíma var landið flokkað sem ræktarland. Í ákvörðuninni frá 6. september 2005, þar sem kaupin voru heimiluð, var gert ráð fyrir því að í nýju deiliskipulagi yrði landið skipulagt undir fyrirtæki og gerð krafa um byggingu leikvangs. Í nýrri skipulagsáætlun var landinu skipt í tvo hluta: lóð 152/96 var bæði skipulögð undir leikvang og fyrirtæki og lóð 152/97 undir fyrirtæki. Með samningi dagsettum 28. nóvember 2006 voru báðar lóðirnar síðan yfirfærðar til tveggja dótturfélaga að fullu í eigu Sandefjord Fotball AS; lóð 152/96 til Sandefjord Fotball Stadion AS og lóð 152/97 til Sandefjord Fotball Næring AS.
- 10) Samkvæmt samningnum bar Sandefjord Fotball AS ábyrgð á því að sjá um þá fjármögnun sem þörf var á til að byggja leikvanginn. Áætlaður byggingarkostnaður við verkefnið var 110 milljónir NOK. Sandefjord Fotball AS skyldi leggja fram 70 milljónir NOK úr eigin sjóðum og frá utanaðkomandi fjárfestum, með sölu nafnaréttar o.s.frv. og taka lán fyrir þeim 40 milljónum NOK sem eftir stæðu. Hluta af framlagi Sandefjord Fotball AS skyldi aflað með sölu lóðarinnar sem skipulögð hafði verið undir fyrirtæki (lóð 152/97) til Pindsle Property AS.
- 11) Samningurinn fól í sér nokkrar frekari skuldbindingar auk þess að kveða á um byggingu leikvangsins. Sandefjord Fotball AS samþykkti nánar tiltekið að fara í vegaframkvæmdir á byggingarsvæði leikvangsins og standa straum af kostnaði sem hlytist af því að hætt yrði að nota gamla leikvanginn, m.a. viðgerðarkostnaði.
- 12) Stuttu eftir að samningurinn var undirritaður keypti Pindsle Property AS hlutabréf Sandefjord Fotball Næring AS, sem átti lóð 152/97, fyrir 40 milljónir NOK. Fyrirtækið var ekki metið áður en það var selt.
- 13) Vinnu lauk við nýja leikvanginn í júlí 2007 og nam heildarkostnaður við bygginguna 110 milljónum NOK. <sup>(2)</sup> Auk knattspyrnuvallarins og áhorfendasvæða er þar margvísleg önnur aðstaða fyrir hendi, m.a. hlaupabraut, líkamsrækt og fundarherbergi. Önnur samtök (einkum íþróttafélög áhugamanna) geta fengið gjaldfrjálsan aðgang að þessari aðstöðu.

#### 3.3 Sala leikvangsins síðar

- 14) Árið 2009 stóð Sandefjord Fotball AS frammi fyrir fjárhagsvanda. Félagið ákvað að afla fjár með því að selja Sandefjord Fotball Stadion AS (fyrirtækið sem átti leikvanginn og aðliggjandi eignir á lóð 152/96) til Pindsle Property AS. Í norskum lögum var þá gerð krafa um að þriðju aðilar mætu virði fyrirtækisins þar eð nokkrir einstaklingar voru bæði stjórnarmenn og hluthafar í knattspyrnufélaginu og í Pindsle Property AS.
- 15) Í skýrslu sérfræðinga frá 6. apríl 2009 var Sandefjord Fotball Stadion AS metið á 14 til 16 milljónir NOK. Fyrirtækið var selt fyrir 15 milljónir NOK 9. júní 2009.

<sup>(2)</sup> Stjórnvöld í Noregi hafa staðfest að upphafleg fjárfesting nam 110 milljónum króna. Félagið lagði hins vegar síðar fram aðrar 17 milljónir NOK í innréttungum og búnaði, að mestu í formi vinnuframlags félagsmanna („dugnadsarbeid“).



#### 4 Ákvörðunin um að hefja rannsókn

- 16) Hinn 22. október 2014 birti Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun nr. 444/14/COL um að hefja formlega rannsókn á aðstoð við Sandefjord Fotball AS.
- 17) Í ákvörðun sinni komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að yfirfærsla lóðar til Sandefjord Fotball AS væri ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Einkum taldi Eftirlitsstofnun EFTA að yfirfærslan hafi verið undir markaðsvirði bæði hvað varðar lóð 152/96 (samkvæmt deiliskipulagi bæði ætluð undir leikvang og fyrirtæki) og lóð 152/97 (samkvæmt deiliskipulagi ætluð undir fyrirtæki).
- 18) Þar eð stjórnvöld í Noregi höfðu ekki fært fram nein rök varðandi mat á því hvort aðstoð samrýmist gildandi reglum taldi Eftirlitsstofnun EFTA leika vafa á því hvort ráðstöfunin gæti talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.

#### 5 Athugasemdir stjórnvalda í Noregi

- 19) Stjórnvöld í Noregi höfðu gert athugasemdir við ákvörðunina um að hefja rannsókn með bréfi dagsettu 23. desember 2014 (skjöl nr. 733899–733901).

##### 5.1 Viðskiptin fela ekki í sér ríkisaðstoð

- 20) Í athugasemdum sínum halda stjórnvöld í Noregi því fram að ekki hafi falist ríkisaðstoð í yfirfærslu lands frá sveitarfélaginu í Sandefjord til Sandefjord Fotball AS þar eð meintur aðstoðarþegi hafi ekki notið neins ávinnings af henni.
- 21) Einkum halda stjórnvöld í Noregi því fram að markaðsvirði umræddrar lóðar hafi verið neikvætt þegar viðskiptin fóru fram og hafa lagt fram álit sérfræðings þess efnis dagsett 5. febrúar 2014. Helsta röksemd fyrir meintu neikvæðu markaðsvirði lóðarinnar er að Sandefjord Fotball AS var skylt (skv. skilmálum við yfirfærslu landsins og skipulagsreglum) að byggja knattspyrnuleikvang sem hluta af viðskiptunum og að kostnaður við byggingu leikvangsins var hærri en sem nam virði lóðarinnar.
- 22) Samkvæmt stjórnvöldum í Noregi má með réttu setja skuldbindingu um að byggja leikvang sem „sérstaka skuldbindingu“ samkvæmt c-undirlíð liðar 2.2 í V. hluta leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum („leiðbeinandi reglur um sölu á lóðum“).<sup>(3)</sup>

##### 5.2 Fjárhæð aðstoðar væri afar takmörkuð

- 23) Hvað varðar fjárhæð meintrar ríkisaðstoðar halda stjórnvöld í Noregi því fram að komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að lóðin, sem hér um ræðir, hefði verið með jákvætt markaðsvirði væri virðið mjög takmarkað.
- 24) Stjórnvöld í Noregi greina frá því að ræktarland í Noregi nýtur sérstakrar verndar. Sala á því og/eða breyting á notkun er með fyrirvara um strangt eftirlit svæðisbundinna landbúnaðarráða. Lögbæra landbúnaðarráðið samþykkti aðeins tillögu um deiliskipulag í málinu um landið sem nú á í hlut miðað við almannahagsmuni af því að byggja leikvang. Framkvæmdaraðili hefði ekki getað keypt landið í þeim tilgangi einum að nota það undir atvinnurekstur. Því er ekki hægt að beita markaðsfjárfestareglunni um yfirfærslu landsins. Stjórnvöld í Noregi telja þess í stað að byggja verði markaðsvirði á verði fyrir ræktarland sem er eina önnur notkunin sem er raunhæf.
- 25) Ef svo verður ekki halda stjórnvöld í Noregi því fram um virði þess lands sem hefur verið skipulagt undir fyrirtæki (lóð 152/97) að Pindsle Property AS, fyrirtækið sem tók yfir Sandefjord Fotball Næring AS fyrir 40 milljónir NOK, hafi greitt meira en markaðsverð. Þau vísa máli sínu til stuðnings til verðmatsskýrslunnar (viðauka við skjál nr. 699518) þar sem markaðsvirði lóðar 152/97 var metið um 15 milljónir NOK.<sup>(4)</sup> Verðmatið byggir á meðalverði fyrir land skipulagt undir fyrirtæki á Pindsle-svæðinu þegar af viðskiptunum varð.

<sup>(3)</sup> Leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum sem voru samþykktar 17. nóvember 1999. Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>.

<sup>(4)</sup> Samanlagt verðmæti lóðanna 152/96 og 152/97 var metið sem 31 milljón NOK í verðmatsskýrslunni. Komist var að niðurstöðu um 15 milljónir NOK með því að skipta matinu samkvæmt stærð hvorrar lóðar fyrir sig.

- 26) Stjórnvöld í Noregi halda því ennfremur fram að hvað sem öðru liður séu nokkrir liðir sem þurfi að draga frá við útreikning á aðstoðarfjárhæðinni. Þessir frádráttarliðir stafa af tilteknum skuldbindingum sem Sandefjord Fotball AS tók á sig í þágu sveitarfélagsins samkvæmt samkomulaginu sem er dagsett 28. nóvember 2006: i) 2,6 milljónir NOK vegna endurnýjunar á gamla leikvanginum, ii) 400.000 NOK vegna flóðljósa sem skipt var út við gamla leikvanginn, iii) 1,5 milljónir NOK til lagningar göngustígs fyrir almenning og iv) 5 milljónir NOK til gerðar hringtorgs og lagningar gangbrautar. Sandefjord Fotball AS þurfti því samtals að stofna til kostnaðar að fjárhæð 9,5 milljónir NOK samkvæmt samningnum (eins og hann var áætlaður þá) til þess að veita sveitarfélaginu þjónustu. <sup>(5)</sup>

### 5.3 *Lýsa ætti alla hugsanlega ríkisaðstoð samrýmanlega*

- 27) Stjórnvöld í Noregi halda því fram að komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að ríkisaðstoð felist í þeim viðskiptum, sem hér um ræðir, ætti að lýsa slíka aðstoð samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr.
- 28) Stjórnvöld í Noregi leggja áherslu á að stuðningur við íþróttir, þ.á m. bygging íþróttamannvirkja, nái fram markmiði um sameiginlega hagsmuni. Þau halda ennfremur fram að ríkisaðstoð sé nauðsynleg og viðeigandi stjórnþæki í umræddu tilvikum.
- 29) Stjórnvöld í Noregi greina sérstaklega frá því að þörf hafi verið á nýjum leikvangi í Sandefjord. Þau benda á að mjög var sótt í að fá að nota þann leikvang sveitarfélagsins sem fyrir var og sem Sandefjord Fotball og önnur lið notuðu þá. Auk þess var þörf á nútímalegri leikvangi til að fullnægja leyfisskilyrðum Knattspyrnusambands Noregs svo að úrvalslíði Sandefjord Fotball væri áfram heimilt að leika í efstu deild í Noregi, en félagið hafði fengið tímabundna undanþágu til þess.
- 30) Sveitarfélagið Sandefjord kannaði kost á því að endurbæta leikvanginn sem fyrir var en það hefði þó ekki bætt úr skorti á aðstöðu. Bygging nýs leikvangs mundi hins vegar leysa bæði úr vandamálum vegna skorts á aðstöðu og leyfisskilyrða og auk þess yrði til vettvangur fyrir knattspyrnu fyrir allt Vestfoldfylki. Eins og sjá má í töflunni hér á eftir nota fjöldi félaga nýja leikvanginn. Gamli leikvangur sveitarfélagsins hefur ennfremur verið endurnýjaður (á kostnað Sandefjord Fotball AS) og íþróttafélög á staðnum (frjálsar íþróttir og knattspyrna), skólar og almenningur eru nú með leikvanginn í fullri notkun. Þetta sýnir ennfremur þörfina á nýjum leikvangi í Sandefjord og að öll ríkisaðstoð hafi verið viðeigandi. Endurnýjun á leikvanginum sem fyrir var hefði auk þess krafist um það bil 40 milljóna NOK fjárfestingar sveitarfélagsins án þess að það ætti þess nokkurn kost að afla fjár frá einkaaðilum.
- 31) Stjórnvöld í Noregi halda því einnig fram að öll aðstoð væri hæfileg að umfangi. Í fyrsta lagi benda þau á þá staðreynd að Sandefjord Fotball AS, sem lagði fram hámarksfjárhæð sem eigið fé og bankalán leyfðu, hafi fjármagnað meirihluta fjárfestingarkostnaðar við nýja leikvanginn. Þetta eigið framlag tryggði að aðstoðarfjárhæðinni var haldið í lágmarki.
- 32) Stjórnvöld í Noregi leggja einnig áherslu á það félagsstarf og íþróttastarf áhugamanna, sem tengist ekki atvinnustarfsemi, sem mögulegt er vegna byggingar leikvangsins. Áhugamenn hafa nú fullan aðgang til íþróttaiðkunar að þeim leikvangi sveitarfélagsins sem fyrir var. Nýi leikvangurinn er auk þess reglulega notaður fyrir hina ýmsu íþróttaiðkun áhugamanna og félagsstarf, þ.á m. viðburði á vegum skóla.
- 33) Í töflunni hér að neðan, sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram til að sýna fram á þetta, er samantekt af áætlaðri árlegri nýtingu ýmissa notenda á leikvanginum á tímabilinu 2007 til 2014:

<sup>(5)</sup> Lokakostnaðurinn nam því 12 milljónum NOK og Pindse Property AS tók á sig viðbótarkostnaðinn.

Félag	Starfsemi	Klukkustundir á ári	Greiðsla
Úrvalslíð Sandefjord Fotball	20 leikir (apríl–október/nóvember) 100 klst. Æfingar apríl–október/nóvember 2 klst. x 5 x 16 = 160 klst. <sup>(6)</sup>	260	Já
Sandefjord Fotball unglingslið og lið með leikmönnum sem fengnir hafa verið til reynslu	Æfingar og leikir maí–september	60	Já
Samstarfsfélög	Æfingar og leikir maí–september	30	Nei
Samstarfsfélög	Húsnæði fyrir námskeið og ráðstefnur, veislur, málþing þjálfara og stjórnenda og fyrirlestra	30	Nei
Sandar IL (íþróttafélag)	Úrslitaleikir í bikarkeppni Sandar fyrir 14–19 ára auk opunarhátíðar (og notkunar á búningsaðstöðu)	25	Nei
Vestfold Fotballkrets (knattspyrnusamband fylkisins)	Samkomur fyrir lið í Sandefjord og allt fylkið fyrir 14–16 ára, þ.á m. fyrir æfingar og leiki, námskeið og menntun fyrir þjálfara	30	Nei
Sandefjord Fotball Breidde (íþróttir barna og ungmenna), áhugamannamót	Stjórn félagsins notar húsnæðið fyrir námskeið og ráðstefnur. Knattspyrnskóli yfir sumarið, um haustið og í páskfríum fyrir 6–12 ára á knattspyrnuvelli. Áhugamannamót „Bikarmót fyrirtækja“	90	Nei

- 34) Auk þess nota skólar í nágrenninu og nokkur frjálsíþróttafélög hlaupabrautirnar á virkum dögum. Skólar skipuleggja einnig hreyfingardaga sem eru haldnir á leikvanginum.
- 35) Meira en 50% af notkun leikvangsins er því ekki tekjuskapandi það er þol grasvallarins sem takmarkar helst aðra notkun hans en þá sem tengist atvinnumennsku. <sup>(7)</sup> Atvinnumannaliðið hefur forgang að leikvanginum með því að bóka knattspyrnuvöllinn fyrir heimaleiki og forgang að knattspyrnuvelli fyrir æfingar. Öllum samtökum býðst allt árið aðgangur að aðstöðu innanhúss (þ.e. búningsherbergjum og skrifstofum).
- 36) Fæstir þeirra, sem nota leikvanginn ekki í atvinnuskyni, greiða leigu, eins og sést í töflunni hér að ofan. Úrvalslíðið greiðir hins vegar 3 milljónir NOK í leigu á ári, auk 20% af andvirði seldra aðgöngumiða, fyrir afnot af leikvanginum. Stjórnvöld í Noregi líta svo á að þessi fjárhæð samsvari markaðsleigu: sambærileg lið greiða á bilinu 2.000 NOK til 5.000 NOK í leigu á klukkustund sem er samanlagt lægri heildarleiga en 3 milljónir NOK á ári. Stjórnvöld í Noregi telja því ekki að úrvalslíð Sandefjord Fotball njóti ávinnings umfram samkeppnisaðila sína vegna leigunnar sem liðið greiðir fyrir notkun á leikvanginum.
- 37) Stjórnvöld í Noregi leggja ennfremur áherslu á hve takmörkuð áhrif á viðskipti og samkeppni væru vegna þess hve svæðisbundin starfsemi félagsins er. Miðar á heimaleiki eru vanalega aðeins seldir á svæðinu og til stuðningsmanna annarra norskra liða sem leika þar. Tekjur af sölubásam á meðan leikjum stendur eru á bilinu 600.000 NOK og 1 milljón NOK á ári. Markaðurinn fyrir merktan varning er að mestu takmarkaður við stuðningsmenn í Vestfoldfylki. Félag eru ekki í neinni samkeppni með þessar vörur. Nafn leikvallarins var selt til Komplet.no sem er vefverslun fyrir raftæki með höfuðstöðvar í Sandefjord. Fyrirtæki á svæðinu eru einu auglýsendurnir á leikvelli.
- 38) Áhrif á viðskipti og samkeppni eru jafnvel takmörkuð hvað varðar skiptimarkað fyrir leikmenn. Sandefjord Fotball AS skiptir aðeins að mjög takmörkuðu leyti á leikmönnum og aðeins við önnur norsk félög. Tekjurnar af leikmannaskiptum voru til dæmis aðeins 1,35 milljónir NOK og kostnaður var 860.000 NOK á tímabilinu 2011 til 2013.
- 39) Hvað varðar sjónvarpsréttindi greina stjórnvöld í Noregi frá því að Knattspyrnusamband Noregs hafi alla umsjón með þeim. Hlutdeild félaga fer eftir því hvaða sætum það nær í tveimur efstu deildunum í Noregi. Þessi sjónvarpsréttindi hafa engin raunveruleg áhrif á viðskipti og samkeppni þar eð enginn raunverulegur áhugi er á norsku knattspyrnudeildinni utan Noregs.

<sup>(6)</sup> Úrvalslíðið æfir á gervigrasvelli yfir veturinn en notar búningsaklefa og aðra aðstöðu innandyra við leikvanginn.

<sup>(7)</sup> Fyrirætlanir eru um að koma upp gervigrasvelli til þess að unnt sé að auka notkun.

## II. MAT

### 1 Er um ríkisaðstoð að ræða?

- 40) Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóða svo: „Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“
- 41) Þetta merkir að ráðstöfun telst vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt samtímis: ráðstöfunin er veitt af hálfu ríkisins eða af ríkisfjármunum, veitir fyrirtæki sértækan efnahagslegan ávinning og hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila og er líkleg til að raska samkeppni.

#### 1.1 Ríkisfjármunir

- 42) Til þess að ráðstöfun geti talist ríkisaðstoð verður hún að vera á vegum ríkisins eða fela í sér nýtingu ríkisfjármuna. Hugtakið ríki vísar ekki einungis til ríkisstjórnarinnar heldur tekur til allra þrepa stjórnsýslu (þ.á m. sveitarfélaga) auk opinberra fyrirtækja. <sup>(8)</sup>
- 43) Sveitarfélagið Sandefjord keypti landið sem hér um ræðir og yfirfærði það því næst til tveggja dótturfélaga Sandefjord Fotball AS. Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að yfirfærsla landsins feli í sér nýtingu ríkisfjármuna.

#### 1.2 Fyrirtæki

- 44) Það er viðtekin dómaframkvæmd að fyrirtæki séu aðilar sem stunda efnahagslega starfsemi, óháð því hver lögformleg staða þeirra er og hvernig þau eru fjármögnuð. <sup>(9)</sup> Efnahagsleg starfsemi felst í því að bjóða vörur og þjónustu á markaði. <sup>(10)</sup>
- 45) Sandefjord Fotball AS er knattspyrnufélag atvinnumanna skipulagt sem einkafyrirtæki. Fyrirtækið starfar á nokkrum mörkuðum, m.a. skiptimarkaði fyrir knattspyrnuleikmenn, svo og á markaði fyrir miðasölu, sjónvarpsréttindi, minjagrip og styrktaraðila.
- 46) Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að Sandefjord Fotball AS teljist fyrirtæki í skilningi 61. gr. EES-samningsins.

#### 1.3 Efnahagslegur ávinningur

- 47) Yfirfærsla lands til fyrirtækis getur veitt efnahagslegan ávinning einkum ef verðið er undir markaðsverði.
- 48) Yfirfærsla ríkisfjármuna í viðskiptum telst ekki ríkisaðstoð þegar hún er í samræmi við eðlilegar markaðsaðstæður þannig að fyrirtækin sé ekki veittur ávinningur. <sup>(11)</sup> Próf þetta er nefnt rekstraraðili í markaðshagkerfi.

##### 1.3.1 Yfirfærsla á lóð 152/96

- 49) Þegar yfirfærslan til Sandefjord Fotball AS fór fram gerði deiliskipulag lóðar 152/96 ráð fyrir byggingu knattspyrnuleikvangs og fyrirtækja. Því þarf að byggja leikvang á lóðinni til þess að fá skipulagsleyfi. Stjórnvöld í Noregi halda því fram að markaðsverð lóðar 152/96 hafi verið ekkert, jafnvel neikvætt, þar eð byggingarkostnaður við leikvanginn var hærri en hugsanlegt virði landsins.

<sup>(8)</sup> Samkvæmt 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja (Stjtið. ESB L 318, 17.11.2006, bls. 17), felld inn í XV. viðauka við EES-samninginn undir lið 1a.

<sup>(9)</sup> Dómur í *Höjner og Elser* gegn *Macroton*, C-41/90, EU:C:1991:161, 21.–22. gr., dómur í *Pavlov og aðrir*, sameinuð mál C-180/98 til C-184/98 EU:C:2000:428 og dómur í *Private Barnehagers Landsforbund* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA*, E-5/07, skýrsla EFTA-dómstólsins 2008 bls. 61, 78. mgr.

<sup>(10)</sup> Dómur í *Ministero dell'Economica e delle Finanze* gegn *Cassa di Risparmio di Firenze SpA*, C-222/04, EU:C:2006:8, 108. mgr.

<sup>(11)</sup> Dómur í *SFEI og aðrir*, C-39/94, EU:C:1996:285, 60–61. mgr.

- 50) Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að skipulagskvaðir geti haft áhrif á markaðsverð lands. Kvöð um að byggja knattspyrnuleikvang getur hins vegar ekki gert markaðsverð að engu, einkum í máli þar sem viðskiptunum er ætlað að aðstoða knattspyrnufélag við að byggja nýjan leikvang. <sup>(12)</sup>
- 51) Eftirlitsstofnun EFTA vísar einnig í þessu samhengi til staflíðar c í undirkafla 2.2 í leiðbeinandi reglum sínum um sölu á landi sem segir að meginreglu til „[skuli] því ekki ákvarða markaðsvirði undir upphaflegum <sup>(13)</sup> kostnaði í þrjú ár hið minnsta eftir að kaupin fóru fram nema óháður matsmaður greini sérstaklega almenna lækkun á markaðsverði lands og bygginga á viðkomandi markaði.“ Í málinu sem hér um ræðir keypti sveitarfélagið Sandefjord landið, sem var síðar skipt í lóðir 152/96 og 152/97, fyrir 3,7 milljónir NOK. Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að yfirfærsla landsins til Sandefjord Fotball AS hafi verið á lægra verði en sveitarfélagið keypti það á.
- 52) Með hliðsjón af framangreindu hefur Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að Sandefjord Fotball AS hafi hlotið efnahagslegan ávinning af yfirfærslu á lóð 152/96.

### 1.3.2 Yfirfærsla á lóð 152/97

- 53) Lóð 152/97 var skipulögð undir fyrirtæki þegar hún var yfirfærð til Sandefjord Fotball AS. Stjórnvöld í Noregi halda því fram að meta ætti yfirfærslu á lóð 152/97 í tengslum við samning dagsettan 28. nóvember 2006 þar sem knattspyrnufélagið er sérstaklega skuldbundið til þess að byggja leikvang í skiptum fyrir landið. Í ljósi þess að áætlaður byggingarkostnaður við leikvanginn var hærri en virði landsins gæti yfirfærslan ekki orðið til þess að efnahagslegur ávinningur væri veittur.
- 54) Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að lóð 152/97 er skipulögð undir fyrirtæki. Því er í skipulagsreglum engin kvöð um að byggja leikvang í tengslum við þessa lóð. Á landinu voru ekki heldur neinar bindandi kvaðir vegna þágildandi eldra deiliskipulags, þar sem landið var skipulagt sem ræktarland, þegar það var yfirfært til Sandefjord Fotball AS. Það er einungis samningurinn frá 28. nóvember 2006 sem leggur þá kvöð á Sandefjord Fotball AS að skipuleggja og fjármagna byggingu leikvangsins. Samningurinn er eini lagagerningurinn þar sem gert var ráð fyrir að lóð 152/97 yrði seld til að fjármagna hluta framkvæmdarinnar.
- 55) Eftirlitsstofnun EFTA telur að rekstraraðili í markaðshagkerfi sem selur land hefði ekki sett slík skilyrði um byggingu eða fjármögnun leikvangs. Eftirlitsstofnun EFTA getur því ekki fallist á þau rök að taka eigi tillit til sammingsbundinna tengsla milli yfirfærslu lóðar 152/97 til Sandefjord Fotball AS og byggingar leikvangsins við mat á því hvort um efnahagslegan ávinning sé að ræða.
- 56) Eftirlitsstofnunin vekur enn fremur athygli á því að skömmu eftir yfirfærsluna hafi Sandefjord Fotball AS selt hlutabréf í Sandefjord Fotball Næring AS, félaginu sem átti lóð 152/97, til Pindse Property AS fyrir 40 milljónir NOK. Salan bendir til þess að landið sem hér um ræðir hafi haft fjárhagslegt virði.
- 57) Með hliðsjón af framangreindu hefur Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að Sandefjord Fotball AS hafi hlotið efnahagslegan ávinning af yfirfærslu á lóð 152/97.

### 1.4 Hversu sértæk er ráðstöfunin?

- 58) Meint ríkisaðstoð er tilkomin vegna viðskipta milli sveitarfélagsins Sandefjord og Sandefjord Fotball AS. Ráðstöfunin er sértæk í skilningi 61. gr. EES-samningsins að því leyti að hún varðar einungis eitt tiltekið fyrirtæki.

### 1.5 Röskun á samkeppni og áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum

- 59) Samkvæmt dómaframkvæmd um áhrif á viðskipti og röskun á samkeppni er ekki nauðsynlegt fyrir Eftirlitsstofnun EFTA „að sýna fram á að aðstoð hafi raunveruleg áhrif á viðskipti [...] og að samkeppni hafi í raun raskast, heldur aðeins að rannsaka hvort aðstoð sé líkleg til að hafa áhrif á viðskipti og raska samkeppni“. <sup>(14)</sup>

<sup>(12)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA vísar einnig í þessu samhengi til staflíðar c í undirkafla 2.2 í leiðbeinandi reglum sínum um sölu á landi þar sem fram kemur um vinnu við gerð mats: „...Meta ber skuldbindingar, þar sem uppfylling þeirra er a.m.k. að hluta til í þágu kaupanda, með tilliti til hugsanlegs ávinnings af þeim.“

<sup>(13)</sup> Þ.e. kostnaður við kaupin fyrir það opinbera yfirvald sem um er að ræða.

<sup>(14)</sup> Dómur í Ítalía gegn framkvæmdastjórn, C-372/97, EU:C:2004:234, 44. mgr.

- 60) Sú staðreynd ein og sér að aðstoð styrkir stöðu fyrirtækis samanborið við önnur fyrirtæki sem keppa í viðskiptum milli EES-ríkja nægir til þess að komast að þeirri niðurstöðu að ráðstöfunin sé líkleg til að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum. <sup>(15)</sup>
- 61) Árið 2006 lék úrvalslíð Sandefjord Fotball í efstu deild í Noregi og átti möguleika á að komast í meistarakeppni Evrópu. Knattspyrnufélög atvinnumanna stunda efnahagslega starfsemi á nokkrum öðrum mörkuðum en að taka þátt í knattspyrnumótum svo sem á skiptimarkaði með atvinnuleikmenn, fyrir auglýsingar, kostun, vörusölu og fjölmiðlaréttindi. Aðstoð við knattspyrnufélag atvinnumanna getur því mögulega styrkt stöðu þess á sérhverjum þessara markaða og flestir markaðirnir geta náð yfir nokkur lönd innan EES. Sandefjord Fotball AS, hvað varðar skiptimarkað með leikmenn, var á þeim tíma, og er enn í dag, virkt á skiptimarkaði og gæti mögulega ráðið leikmenn frá öðrum löndum innan EES.
- 62) Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að ráðstöfunin sé til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

#### 1.6 Niðurstaða um hvort um ríkisaðstoð sé að ræða

- 63) Á grundvelli þess sem hér hefur verið rakið hefur Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að ráðstöfunin feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

#### 1.7 Aðstoðarfjárhæð

- 64) Að því er varðar lóð 152/96 viðurkennir Eftirlitsstofnun EFTA að skipulagskvaðirnar, þ. á m. um að byggja verði leikvang, lækki markaðsvirði lóðarinnar. <sup>(16)</sup> Hins vegar er ekki réttlætlanlegt að markaðsverð verði að engu í umræddu tilviki eins og kemur fram í mgr. 50) hér að ofan. Samkvæmt staflíð d í undirkafla 2.2. í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um sölu á landi hefði sveitarfélagið Sandefjord átt hið minnsta að selja landið á því verði sem kostaði að afla þess. Eftirlitsstofnun EFTA telur því aðstoðarfjárhæðina vegna þessarar lóðar nema 1,9 milljónum NOK. <sup>(17)</sup>
- 65) Hvað varðar lóð 152/97 vekur Eftirlitsstofnun EFTA athygli á því að Sandefjord Fotball AS seldi hlutabréf í Sandefjord Fotball Næring AS, fyrirtækinu sem á lóð 152/97, til Pindse Property AS fyrir 40 milljónir NOK. Pindse Property AS er einkafyrirtæki og var ekki hluti af sömu samstæðu og Sandefjord Fotball AS þegar viðskiptin fóru fram. Salan átti sér því stað milli tveggja sjálfstæðra fyrirtækja. <sup>(18)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA hafa ekki borist nein sannfærandi sönnunargögn um að þessi viðskipti hafi ekki farið fram á markaðsverði. Af þeim sökum er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að það sé besta vísbindingin um markaðsvirði lóðar 152/97.
- 66) Á grundvelli þess sem hér hefur verið rakið hefur Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að heildarmarkaðsvirði þess lands, sem var yfirfært til Sandefjord Fotball AS, hafi numið 41,9 milljónum NOK þegar af viðskiptunum varð. Samkvæmt samningi dagsettum 28. nóvember 2006 skuldbatt Sandefjord Fotball AS sikhins vegar til þess að sinna margvíslegum framkvæmdum fyrir hönd sveitarfélagsins Sandefjord. Eins og fram kemur í 26. mgr. hér að ofan var áætlaður heildarkostnaður við þessar skuldbindingar 9,5 milljónir NOK þegar samningurinn var gerður. Stjórnvöld í Noregi hafa greint frá því að ef skilmálar samningsins hefðu ekki verið til staðar hefði sveitarfélagið lagt í þessar framkvæmdir. Því samþykkir Eftirlitsstofnun EFTA að draga ætti heildarkostnað við framkvæmdirnar, eins og hann var áætlaður þegar samningurinn var gerður, frá aðstoðarfjárhæðinni.
- 67) Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að heildaraðstoð, sem Sandefjord Fotball AS var veitt, hafi numið 32,4 milljónum NOK.

<sup>(5)</sup> Dómur í *Philip Morris Holland BV* gegn *framkvæmdastjórn*, C-730/79, EU:C:1980:209, 11.–12. mgr., dómur í *Fesil ASA og Finnjord Smelteverk AS* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA*, sameinuð mál E-5/04, E-6/04, E-7/04, skýrsla EFTA dómstólsins 2005, bls. 117, 94. mgr. og dómur í *Libert og adrir*, sameinuð mál C-197/11 og C-203/11, EU:C:2013:288, 76.–78. mgr.

<sup>(6)</sup> Sjá einnig ákvörðun nr. 225/15/COL frá 10. júní 2015 þar sem engum andmælum var hreyft við aðstoð í formi yfirfærslu á landi til Válerenga Fotball, 31. mgr.

<sup>(7)</sup> Sveitarfélagið Sandefjord keypti landið, sem var síðar skipt í lóðir 152/96 og 152/97, fyrir 3,7 milljónir NOK. Verðmætið er metið 1,9 milljónir NOK miðað við að skipta þeirri fjárhæð í samræmi við stærð hvorrar lóðar um sig.

<sup>(8)</sup> Þetta sést enn skýrar á því að ekki er til staðar verðmat óháðs sérfræðings en þess er krafist samkvæmt norskum fyrirtækjalögum vegna viðskipta milli fyrirtækja innan sömu samstæðu.

## 2. Málsmeðferð

- 68) Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3: „Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda [...]. Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrr en endanleg niðurstaða liggur fyrir“.
- 69) Eftirlitsstofnun EFTA var ekki tilkynnt um yfirfærslu landsins sem hér um ræðir. Eftirlitsstofnunin kemst því að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld í Noregi hafi ekki farið að skuldbindingum sínum í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3.

## 3. Samrýmanleiki

- 70) Samkvæmt staflað c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins má líta svo á að „aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða“ samrýmist framkvæmd EES-samningsins, enda hafi slík aðstoð ekki svo mikil neikvæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.
- 71) Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að hún hefur ekki enn gefið út leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð vegna byggingar íþróttamannvirkja. Ráðstöfunin sem hér um ræðir verður því metin á grundvelli staflaðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 72) Í samræmi við venjur þegar aðstoðin var veitt byggir Eftirlitsstofnun EFTA mat sitt á eftirfarandi:
- Er aðstoðarráðstöfuninni beint að vel skilgreindum markmiðum sem varða sameiginlega hagsmuni?
  - Er aðstoðin vel sniðin að viðkomandi markmiði á sviði almannahagsmuna, þ.e. stuðlar aðstoðin, sem fyrirhugað er að veita, að því að uppræta markaðsbrest eða að öðru markmiði?  
Einkum:
    - Er ríkisaðstoð viðeigandi stjórnþæki?
    - Eru hvatningaráhrif fyrir hendi, þ.e. breytir aðstoðin hegðun fyrirtækja?
    - Er aðstoðarráðstöfunin hæfileg að umfangi, þ.e. mætti ná fram sömu breytingum á hegðun með minni aðstoð?
    - Eru röskun á samkeppni og áhrif á viðskipti takmörkuð á þann hátt að heildaráhrifin verði jákvæð?
- 73) Spurningunum hér að ofan verður svarað í eftirfarandi málsgreinum.

### 3.1 Markmið um sameiginlega hagsmuni

- 74) Eftirlitsstofnun EFTA vekur fyrst og fremst athygli á því að stuðningur við íþróttir er ekki sérstaklega tekinn fram sem sameiginlegt markmið í EES-samningnum. Hins vegar er unnt að telja stuðning við íþróttir hluta af eflingu menntunar, þjálfunar og stuðningi við æskulýð auk félagsmálastefnu. Nánari samvinna á þessum sviðum telst til markmiða EES, eins og kemur einkum fram í 1. og 78. gr. EES-samningsins. Fyrirkomulag þessarar nánari samvinnu er skilgreint frekar í bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. Fyrirsögn 4. greinar bókarinnar er „Menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir“ og þar er til dæmis gert ráð fyrir þátttöku samningsaðila í Evrópuári menntunar með iðkun íþróttarárið 2004. Þetta er lýsandi fyrir þau nánú tengsl sem eru milli stuðnings við íþróttir og þeirra markmiða sem sett eru fram í EES-samningnum.
- 75) Þessi túlkun er í samræmi við nálgun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins („framkvæmdastjórnarinnar“). Innan Evrópusambandsins er stuðningur við íþróttir sérstaklega getið í 165. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sem var tekinn upp með Lissabonsáttmálanum. Framkvæmdastjórnin viðurkenndi einnig áður en Lissabonsáttmálinn var gerður hve sérhæfðu hlutverki íþróttir byggðar á sjálfbærni og starfi gegna í evrópsku samfélagi að því er varðar heilbrigði, menntun, félagslega aðlögun og menningu. Frá því að Lissabonsáttmálinn tók gildi

hefur stuðningur við íþróttir verið viðurkenndur sem framlag til heildarmarkmiða í stefnumörkun Evrópu fyrir 2020 með því að bæta ráðningarhæfi og hreyfanleika, einkum með aðgerðum sem efla félagslega aðlögun í íþróttum og með íþróttaiðkun, menntun og þjálfun.

- 76) Miðað við ofangreint kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að efling menntunar, þjálfunar og æskulýðsstarfs með íþróttaiðkun teljist markmið sem varðar sameiginlega hagsmuni. Eftirlitsstofnun EFTA bendir enn fremur á að fjármögnun íþróttamannvirkja getur fallið undir reglugerð um almenna hópundanþágu að því tilskildu að tilteknum skilyrðum sé fullnægt. Þetta er enn frekar til vitnis um að stuðningur við íþróttir, þ.á m. bygging íþróttamannvirkja, er markmið sem varðar sameiginlega hagsmuni.

### 3.2 *Hefur viðeigandi stjórnþæki verið notað?*

- 77) Til þess að meta hvort ríkisaðstoð sé skilvirk til að ná tilgreindu markmiði um sameiginlega hagsmuni þarf Eftirlitsstofnun EFTA fyrst að greina og skilgreina vandann sem taka þarf á. Ríkisaðstoð skal aðeins veita við aðstæður þar sem aðstoð getur leitt til verulegra bóta, sem markaðurinn ræður ekki við. Þar að auki þarf fyrirhuguð aðstoðarráðstöfun að vera viðeigandi stjórnþæki til að ná þessu tilgreinda markmiði sem varðar sameiginlega hagsmuni.
- 78) Framboð á knattspyrnuleikvöngum er viðurkenndur markaðsbrestur í Noregi þar eð á skortir að fyrirtæki fjárfesti í leikvöngum, sem geta ekki borið sig sjálfir vegna þess að tekjurnar duga ekki fyrir kostnaði við fjárfestinguna. <sup>(19)</sup>
- 79) Stjórnvöld í Noregi hafa enn fremur sýnt fram á raunverulega þörf á nýjum knattspyrnuleikvangi í Sandefjord. Til marks um þetta eru þau vandamál sem hljótast af skorti á aðstöðu í þeim leikvangi sveitarfélagsins sem var fyrir þegar ráðstöfunin var gerð og sú staðreynd að gamli leikvangurinn fullnægði ekki lengur leyfisskilyrðum Knattspyrnusambands Noregs. Loks var ríkisaðstoð nauðsynleg til að koma fjárfestingunni af stað vegna þess hve óarðbær mannvirki vegna leikvanga eru í sjálfu sér.
- 80) Með hliðsjón af þessu kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að ríkisaðstoð hafi verið viðeigandi stjórnþæki.

### 3.3 *Hvatningaráhrif*

- 81) Eftirlitsstofnun EFTA getur aðeins lýst ríkisaðstoð samrýmanlega EES-samningnum hafi hún hvatningaráhrif. Hvatningaráhrif verða þegar aðstoðin stuðlar að því að aðstoðarþeginn breyti hegðun sinni til að ná tilgreindu markmiði sem varðar sameiginlega hagsmuni; hegðunarbreytingin hefði ekki orðið án aðstoðarinnar.
- 82) Eftirlitsstofnun EFTA vekur í fyrsta lagi athygli á því að bygging leikvangsins hafði ekki hafist áður en landið sem hér um ræðir var yfirfært.
- 83) Upplýsingar sem stjórnvöld í Noregi létu í té sýna enn fremur fram á að Sandefjord Fotball AS hefði ekki getað fjármagnað byggingu leikvangsins án ríkisaðstoðar vegna þess að það hafði hvorki fjárhagslega burði til þess né getu til að taka nægt fjármagn að láni til að fjármagna mismuninn. Eigið fjárframlag þess til byggingar leikvangsins var þegar við mörk þess sem það réði við. <sup>(20)</sup>
- 84) Á grundvelli þess, sem hér hefur verið rakið, hefur Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að aðstoðarráðstöfunin hafi haft hvatningaráhrif.

### 3.4 *Meðalhófsreglan*

- 85) Ríkisaðstoð telst vera hæfileg að umfangi ef aðstoðarfjárhæðin afmarkast við lágmarksfjárhæðina sem þarf til að ná tilgreindu markmiði um sameiginlega hagsmuni. Eftirlitsstofnun EFTA byggir mat sitt á meðalhófi á hugtökunum um styrkhæfan kostnað og hámarksaðstoðarhlutfall.

<sup>(19)</sup> Sjá einnig ákvörðun nr. 225/15/COL frá 10. júní 2015 þar sem engum andmælum var hreyft við aðstoð í formi yfirfærslu á landi til Vålerenga Fotball, 65. mgr.

<sup>(20)</sup> Sjá einkum upplýsingar sem koma fram í skjali nr. 699518, bls. 29.



- 86) Aðstoðarfjárhæðin, sem Sandefjord Fotball AS var veitt, nemur 32,4 milljónum NOK eins og kemur fram í 67. mgr. hér að ofan. Til þess að meta aðstoðarlutfallið þarf að setja þessa tölu í samhengi við aðstoðarhæfan fjárfestingarkostnað. Eftirlitsstofnun EFTA telur að kostnaður sem Sandefjord Fotball AS stofnaði til fyrir hönd sveitarfélagsins Sandefjord, sem hefur verið dreginn frá aðstoðarfjárhæðinni, sbr. 66. mgr. hér að ofan, geti ekki talist til styrkhæfs kostnaðar. Því þarf að lækka heildarkostnað fjárfestinga um 9,5 milljónir NOK úr 110 milljónum NOK. Aðstoðarhæfur fjárfestingarkostnaður nemur því 100,5 milljónum NOK og samsvarandi aðstoðarlutfall er 32%. Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að þetta aðstoðarlutfall er frekar lágt og að aðstoðarþeginn, Sandefjord Fotball AS, fjármagnaði mismuninn á fjárfestingunni.
- 87) Aðstoðarlutfallið þarf hins vegar einnig að meta miðað við félagslegan ávinning sem verður við tilkomu mannvirkjanna við leikvanginn. Fjölmargir nota leikvanginn, þ.á m. íþróttafélög áhugamanna og skólar, í ýmsum tilgangi sem tengist ekki atvinnumennsku, eins og kemur fram í undirkafla I.5.3 hér að ofan. Önnur notkun en sú sem telst til atvinnustarfsemi er samanlagt meiri en 50% af notkun leikvangsins.
- 88) Eftirlitsstofnun EFTA vekur ennfremur athygli á því að mannvirki við leikvanginn eru að vissu marki fjölnota þar sem knattspyrnuleikvangurinn er með hlaupabraut, líkamsrækt og mörg önnur innisvæði. Þetta eykur möguleika á að nota leikvanginn fyrir annað en atvinnustarfsemi. Eftirlitsstofnun EFTA vekur loks athygli á því að úrvalslíðið greiðir markaðsleigu fyrir afnot af leikvanginum (sjá einnig undirkafla II.3.5 hér að neðan) en áhugamannafélög og aðrir notendur, sem tengjast ekki atvinnustarfsemi, geta hins vegar notað leikvanginn án endurgjalds. Þetta undirstrikar enn frekar félagslegt framlag leikvangsins til samfélagsins.
- 89) Á grundvelli þess sem að framan greinir hefur Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að aðstoðarráðstöfunin hafi verið hæfileg að umfangi.

### 3.5 Engin ótilhlýðileg röskun á samkeppni eða áhrif á viðskipti

- 90) Til þess að aðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins verða neikvæð áhrif aðstoðarráðstöfunarinnar, hvað varðar röskun á samkeppni og áhrif á viðskipti milli samningsaðila, að vera takmörkuð og jákvæð áhrif að vega þyngra, hvað varðar að ná markmiði um sameiginlega hagsmuni.
- 91) Eftirlitsstofnun EFTA vekur þegar í upphafi athygli á því að leikvangurinn, sem ríkisaðstoðin fjármagnar, gegnir helst staðbundnu og svæðisbundnu hlutverki. Mannvirkinu er hvorki ætlað að draga að alþjóðlega viðburði né stendur til að nota það mikið fyrir neina aðra atvinnustarfsemi en úrvalslíð Sandefjord Fotball.
- 92) Úrvalslíðið greiðir leigu fyrir afnot sín af leikvanginum. Gildandi leiguskilmálar byggja á samningaviðræðum við einkaaðila sem eiga leikvanginn. Því er gengið út frá því að leigan samsvari markaðsskilmálum. Þetta er ennfremur staðfest með samanburði, sem stjórnvöld í Noregi létu í té (sjá 36. mgr. hér að ofan), um dæmigerða leigu á leikvangi sem önnur félög greiða.
- 93) Eftirlitsstofnun EFTA vekur einnig athygli á því að aðstoðarlutfallið er lágt og samsvarandi framlag Sandefjord Fotball AS vegna fjárfestingarkostnaðar minnkar enn frekar líkur á röskun.
- 94) Loks hefur atvinnustarfsemi Sandefjord Fotball AS einungis mjög takmörkuð áhrif á viðskipti og samkeppni innan EES vegna þess hve svæðisbundin starfsemi félagsins er. Miðasala, vörusala, kostun og auglýsingar félagsins tekur fyrst og fremst mið af heimamönnum og íbúum í Vestfoldfylki. Starfsemi á skiptimarkaði fyrir leikmenn er einnig mjög takmörkuð og einskorðast við Noregsmarkað. Sandefjord Fotball AS hefur loks engin bein áhrif á markaðssetningu sjónvarpsréttinda, sem Knattspyrnusamband Noregs hefur alla umsjón með, og hefur, hvað sem öðru líður, einungis takmarkaðar tekjur af þeim.
- 95) Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að öll röskun á samkeppni og viðskiptum sem stafar af aðstoðarráðstöfuninni sé takmörkuð.

### 3.6 *Jafnvægismat og niðurstaða*

- 96) Eftirlitsstofnun EFTA hefur vegið jákvæð og neikvæð áhrif af tilkynntu ráðstöfuninni miðað við matið sem kemur fram hér að ofan. Eftirlitsstofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að röskun sem stafar af aðstoðarráðstöfuninni hafi ekki svo neikvæð áhrif á viðskipti að mjög stríði gegn almannahagsmunum.

### 4. *Niðurstaða*

- 97) Á grundvelli upplýsinga sem stjórnvöld í Noregi létu í té hefur Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að yfirfærsla landsins feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að þessi aðstoð sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ríkisaðstoð til Sandefjord Fotball AS telst samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins,

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

*3. gr.*

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Ákvörðun tekin í Brussel 23. september 2015

*Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA*

Sven Erik Svedman

*Forseti*

Helga Jónsdóttir

*Stjórnarmaður*

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M. 7854 – AGRAVIS/Wilmar International/H Bögel)

2016/EES/32/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júní 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin Agrarrohstoff Beteiligungs GmbH („Agrarrohstoff“), sem er hluti af þýsku samsteypunni AGRAVIS Raiffeisen AG („AGRAVIS“), og WIL Holdings GmbH („WIL“), sem er hluti af samsteypunni Wilmar International Ltd. („Wilmar“, Singapúr) öðlast með hlutafjárkaupum sameiginleg yfirláð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í þýsku fyrirtækjunum Bögel GmbH & Col. KG („Bögel“) og H. Bögel Beteiligungsgesellschaft mbH („Bögel GmbH“), sem lúta eingöngu yfirláðum WIL sem stendur.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - AGRAVIS: starfsemi sem felst í samvinnu um skipulagða sölu á landi, einkum í þýsku sambandsfylkjunum Nordrhein-Westfalen, Bremen, Niedersachsen, Sachsen-Anhalt, Berlín, Brandenburg, Schleswig-Holstein, Mecklenburg-Vorpommern, Sachsen og Hamborg, og m.a. framleiðslu og sölu á fôðurlöndum fyrir dýr
  - Wilmar: helstu viðfangsefni þess eru framleiðsla á pálmaolíu, mulning olíufræja, vinnsla matarolíu, vinnsla og hreinsun á sykri, framleiðsla á sérstakri feiti og vörum úr líffítuefnum, lífdísel og áburði, auk kornvinnslu
  - Bögel: heildsala á hráefni fyrir fôður á alþjóðavísu, einkum pálmakjarnakökum, repjufræjamjöli, sojamjöli og þurrkuðu sykurrófumauki
  - Bögel GmbH: móðurfélag Bögel og hreint eignarhaldsfélag
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 207, 10.6.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.7854 – AGRAVIS/Wilmar International/H Bögel, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.7975 – Mylan/Meda)**

2016/EES/32/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. júní 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Mylan N.V. („Mylan“), öðlast með yfirtökutilboði að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í sænska fyrirtækinu Meda AB („Meda“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Mylan: fjölpjóðlegt lyfjafyrirtæki sem þróar, leyfir, framleiðir, markaðssetur og dreifir samheitalyfjum, samheitalyfjum undir vörumerkjum og sérnotalyfjum
  - Meda: alþjóðlegt sérhæft fyrirtæki sem framleiðir og dreifir lyfjum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 207, 10.6.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.7975 – Mylan/Meda, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8039 – Freudenberg/Vibracoustic)**

2016/EES/32/05

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. maí 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Freudenberg & Co KG („Freudenberg“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í þýska fyrirtækinu Vibracoustic GmbH („Vibracoustic“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Freudenberg: meginviðfangsefni fyrirtækisins eru pakkningar og titringsstjórnunartækni, óöfin efni og síun, vörur til heimilisnota og sérnotavörur o.fl. Fyrirtækið lætur einkum í té hálfunnar vörur til frekari vinnslu eða til framleiðslu á fullnum vörum
  - Vibracoustic: meginviðfangsefni fyrirtækisins er á sviði titringsstjórnunartækni. Fyrirtækið lætur fyrirtækjum í framleiðslu farþegabifreiða, atvinnuökutækja og birgjum sem afhenda þeim vörur milliliðalaust íhluti sem er ætlað að draga úr hávaða og titringi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 199, 4.6.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8039 – Freudenberg/Vibracoustic, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8040 – Silver Lake Group/Cegid Group)**

2016/EES/32/06

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. júní 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Silver Lake Group, L.P. („Silver Lake“), óðlast með yfirtökutilboði að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu Cegid Group („Cegid“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Silver Lake: fjárfestingar einkaaðila um heim allan í stórum fyrirtækjum í tækniiðnaði, iðnaði sem byggir á tækni og vaxandi iðnaði sem tengist þeim
  - Cegid: lætur litlum og meðalstórum fyrirtækjum í té fjárhags-, skatta- og mannauðs-stjórnunarhugbúnað, auk lóðréttra hugbúnaðarlausna (t.d. fyrir bókhald og í einhverjum tilvikum smásölu og framleiðslu)
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 204, 8.6.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni mál M.8040 – Silver Lake Group/Cegid Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8041 – M&G/Anchorage/PHS Group Investments)**

2016/EES/32/07

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. maí 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004<sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Anchorage Capital Group, L.L.C. („Anchorage“) og sjóðir sem stýrt er af bresku fyrirtækjunum M&G Alternatives Investment Management Limited („MGAIM“) og M&G Investment Management Limited („MGIM“), sem endanlega lúta yfirráðum breska fyrirtækisins Prudential plc, öðlast með hlutabréfakaupum að fullu sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu PHS Group Investments Limited („PHS“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - MGAIM og MGIM: dótturfélög alfarið í eigu Prudential plc, alþjóðlegrar samsteypu váttryggingarfélaga með höfuðstöðvar í Lundúnum, Bretlandi, sem eru hluti af fjárfestingastýringardeild Prudential plc í Evrópu
  - Anchorage: fyrirtæki á sviði fjárfestingarráðgjafar, skráð í New York og stofnað árið 2003. Fyrirtækið stýrir framtakssjóðum á lánamörkuðum sem fjárfesta við sérstakar aðstæður og á mörkuðum með torseljanlegum fjárfestingum í Norður-Ameríku og Evrópu, með sérstakri áherslu á útgefendur sem hafa lent í vanskilum eða eru mjög skuldsettir
  - PHS: þjónustuveitandi með höfuðstöðvar í Bretlandi sem sérhæfir sig í hreinlætisþjónustu og -vörum. Lykilþættir í þjónustu fyrirtækisins varða m.a. snyrtingar, mottur og umhirðu gólfa, leigu á plöntum, gagnaeyðingu og samræmisprófanir fyrir viðskiptavinum. PHS er með starfsemi á Írlandi og Spáni, til viðbótar við Bretland
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004<sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 199, 4.6.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni mál M.8041 – M&G/Anchorage/PHS Group, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2016/EES/20/08****(mál M.8049 – TPG Capital/Partners Group/TH real estate portfolio)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. maí 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið TPG Capital („TPG“) og svissneska fyrirtækið Partners Group öðlast að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í fimm verslunarmiðstöðvum og kauptúnum á Spáni og á Ítalíu („eignir sem eru andlag kaupanna“) með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - TPG: fjárfestingafyrirtæki sem stýrir framtakssjóðum sem fjárfesta í ýmiss konar fyrirtækjum með yfirtökum og endurskipulagningu fyrirtækja. Höfuðstöðvar TPG eru í San Francisco í Bandaríkjunum
  - Partners Group: fyrirtæki sem hefur umsjón með fjármögnun einkafyrirtækja og fjárfestir í eigin fé og skuldum einkafyrirtækja, fasteignaaverkefnum og grunnvirkjum víða um heim. Fyrirtækið veitir bæði stofnanafjárfestum og einkafjárfestum þjónustu. Höfuðstöðvar Partners Group eru í Baar í Sviss
  - Eignir sem eru andlag kaupanna: 1) Kaupúnið Centro Navile Retail Park í Bologna, Ítalíu; 2) Metropolis Shopping Centre í Rende, Ítalíu; 3) L'Aljub Shopping Centre í Elche á Spáni; 4) Kaupúnið Miramar Retail Park í Fuengirola, Spáni og 5) Miramar Shopping Centre í Fuengirola á Spáni
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 199, 4.6.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8049 – TPG Capital/Partners Group/TH real estate portfolio, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2016/EES/32/09****(mál M.8054 – 3i Group/Deutsche Alternative Asset Management/TCR CapVest)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. maí 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið 3i Group plc („3i Group“) og þýska fyrirtækið Deutsche Alternative Asset Management (Global) Limited („DAAM“), hlutdeildarfélag þýska fyrirtækisins Deutsche Bank AG („Deutsche Bank“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í belgíska fyrirtækinu TCR CapVest SA („TCR“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - 3i Group: alþjóðlegar fjárfestingar, fjárfestingastjórnun og stjórnunnarráðgjöf við fjárfestingar í óskráðum félögum, grunnvirkjum og skuldastýringu
  - DAAM: stýring fjárfestinga og fjárfestingasjóða. Dótturfélag alfarið í eigu Deutsche Bank sem veitir fjármálaþjónustu á heimsvísu
  - TCR: sérhæfð þjónusta í tengslum við búnað sem styður við flugrekstur á borð við leigu-, viðhalds- og viðgerðaraðstoð og hlaðþjónustu, auk þjónustu í tengslum við flugvélaflota við notendur búnaðar á jörðu niðri sem styður við flugrekstur
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 201, 7.6.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8054 – 3i Group/Deutsche Alternative Asset Management/TCR CapVest, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um  
flugrekstur í Bandalaginu**

2016/EES/32/10

**Almannaþjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug**

Aðildarríki	Grikkland
Flugleiðir	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Aþena – Astipalea</li> <li>— Aþena – Ikaria</li> <li>— Aþena – Leros</li> <li>— Aþena – Milos</li> <li>— Aþena – Kithira</li> <li>— Aþena – Naxos</li> <li>— Aþena – Paros</li> <li>— Aþena – Karpathos</li> <li>— Aþena – Sitia</li> <li>— Aþena – Skiathos</li> <li>— Aþena – Kalymnos</li> <li>— Aþena – Skyros</li> <li>— Aþena – Zakynthos</li> <li>— Aþena – Syros</li> <li>— Aþena – Kozani – Kastoria</li> <li>— Þessaloníka – Samos</li> <li>— Þessaloníka – Chios</li> <li>— Þessaloníka – Korfú</li> <li>— Þessaloníka – Kalamata</li> <li>— Þessaloníka – Skyros</li> <li>— Þessaloníka – Limnos – Ikaria</li> <li>— Alexandroupoli – Sitia</li> <li>— Aktio – Sitia</li> <li>— Korfú – Aktion – Kefalonia – Zakynthos</li> <li>— Limnos – Mitilini – Chios – Samos – Ródos</li> <li>— Ródos – Kos – Kalymnos – Leros – Astipalea</li> <li>— Ródos – Karpathos – Kasos</li> <li>— Ródos – KastelORIZO</li> </ul>
Gildistökudagur almannaþjónustukvaða	Frá 1. október 2016
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaþjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	<p>Hellenic Civil Aviation Authority (Flugmálastjórn Grikklands) Directorate-General for Air Transport Air Transport and International Affairs Division Eining II Vas. Georgiou 1 16604 Glyfada GRIKKLAND</p> <p>Sími: +30 2108916149 eða 8916121 Bréfsími: +30 2108947132 Vefsetur: www.hcaa.gr</p>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um  
flugrekstur í Bandalaginu**

2016/EES/32/11

**Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir**

Aðildarríki	Grikkland
Flugleiðir	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Aþena – Astipalea</li> <li>— Aþena – Ikaria</li> <li>— Aþena – Leros</li> <li>— Aþena – Milos</li> <li>— Aþena – Kithira</li> <li>— Aþena – Naxos</li> <li>— Aþena – Paros</li> <li>— Aþena – Karpathos</li> <li>— Aþena – Sitia</li> <li>— Aþena – Skiathos</li> <li>— Aþena – Kalymnos</li> <li>— Aþena – Skyros</li> <li>— Aþena – Zakynthos</li> <li>— Aþena – Syros</li> <li>— Aþena – Kozani – Kastoria</li> <li>— Þessaloníka – Samos</li> <li>— Þessaloníka – Chios</li> <li>— Þessaloníka – Korfú</li> <li>— Þessaloníka – Kalamata</li> <li>— Þessaloníka – Skyros</li> <li>— Þessaloníka – Limnos – Ikaria</li> <li>— Alexandroupoli – Sitia</li> <li>— Aktio – Sitia</li> <li>— Korfú – Aktion – Kefalonia – Zakynthos</li> <li>— Limnos – Mítilíni – Chios – Samos – Ródos</li> <li>— Ródos – Kos – Kalymnos – Leros – Astipalea</li> <li>— Ródos – Karpathos – Kasos</li> <li>— Ródos – KastelORIZO</li> </ul>
Samningstími	1. október 2016 – 30. september 2020
Frestur til að skila tilboðum	3. ágúst 2016
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	<p>Hellenic Civil Aviation Authority (Flugmálastjórn Grikklands) Directorate-General for Air Transport Air Transport and International Affairs Division Eining II Vas. Georgiou 1 16604 Glyfada GRIKKLAND</p> <p>Sími: +30 2108916149 / 2108916121 Bréfsími: +30 2108947132 Vefsetur: www.hcaa.gr</p>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008, ákvörðunar  
Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 og reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009**

2016/EES/32/12

*(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt  
samhæfingarlöggjöf Sambandsins)*

Evrópsk staðlasamtök <sup>(1)</sup>	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Fyrsti birtingardagur í Stjtid. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi  Athugasemd 1
CEN	EN ISO 9000:2015 Gæðastjórnunarkerfi – Grunnatriði og íðorðasafn (ISO 9000:2015)	11.12.2015	EN ISO 9000:2005  Athugasemd 2.1	15.9.2018
CEN	EN ISO 9001:2015 Gæðastjórnunarkerfi – Kröfur (ISO 9001:2015)	11.12.2015	EN ISO 9001:2008  Athugasemd 2.1	15.9.2018
CEN	EN ISO 14001:2015 Umhverfisstjórnunarkerfi – Kröfur ásamt leiðsögn um notkun (ISO 14001:2015)	11.12.2015	EN ISO 14001:2004  Athugasemd 2.1	15.9.2018
CEN	EN ISO 14004:2010 Umhverfisstjórnunarkerfi – Almennar leiðbeiningar um grundvallarreglur, kerfi og stuðningstækni (ISO 14004:2004)	5.10.2011		
CEN	EN ISO 14015:2010 Umhverfisstjórnun – Umhverfismat lóða og fyrirtækja (EASO) (ISO 14015:2001)	5.10.2011		
CEN	EN ISO 14020:2001 Umhverfismerkingar og yfirlýsingar – Almennar reglur (ISO 14020:2000)	16.6.2009		
CEN	EN ISO 14021:2001 Umhverfismerkingar og yfirlýsingar – Umhverfisstaðhæfingar að eigin frumkvæði (II. tegund umhverfismerkingar) (ISO 14021:1999)	16.6.2009		
	EN ISO 14021:2001/A1:2011	25.5.2012	Athugasemd 3	Liðinn (30.6.2012)
CEN	EN ISO 14024:2000 Umhverfismerkingar og yfirlýsingar – I. tegund umhverfismerkingar – Grunnreglur og aðferðir (ISO 14024:1999)	16.6.2009		
CEN	EN ISO 14031:2013 Umhverfisstjórnun – Mat á frammistöðu í umhverfismálum – Leiðbeiningar (ISO 14031:1999)	28.11.2013	EN ISO 14031:1999  Athugasemd 2.1	Liðinn (28.2.2014)
CEN	EN ISO 14040:2006 Umhverfisstjórnun – Lifsfærilsmat – Grunnreglur og reglurammi (ISO 14040:2006)	16.6.2009		
CEN	EN ISO 14044:2006 Umhverfisstjórnun – Lifsfærilsmat – Kröfur og leiðbeiningar (ISO 14044:2006)	16.6.2009		
CEN	EN ISO 14050:2010 Umhverfisstjórnunarkerfi – Íðorðasafn (ISO 14050:2009)	5.10.2011		
CEN	EN ISO 14063:2010 Umhverfisstjórnun – Umhverfissamskipti – Leiðbeiningar og dæmi (ISO 14063:2006)	5.10.2011		

Evrópsk staðlasamtök (¹)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Fyrsti birtingardagur í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN ISO 14064-1:2012 Gróðurhúsalofttegundir – Hluti 1: Kröfur með leiðbeiningum á stofnanastigi til mælingar og skýrslugjafar um útblástur og úthreinsun á gróðurhúsalofttegundum (ISO 14064-1:2006)	28.11.2013		
CEN	EN ISO 14064-2:2012 Gróðurhúsalofttegundir – Hluti 2: Kröfur með leiðbeiningum á verkefnisstigi til mælingar, vöktunar og skýrslugjafar um minnkun losunar á gróðurhúsalofttegundum eða umbætur í úthreinsun þeirra (ISO 14064-2:2006)	28.11.2013		
CEN	EN ISO 14064-3:2012 Gróðurhúsalofttegundir – Hluti 3: Kröfur með leiðbeiningum til fullgildingar og sannprófunar á staðhæfingum um gróðurhúsalofttegundir (ISO 14064-3:2006)	28.11.2013		
CEN	EN ISO 14065:2013 Gróðurhúsalofttegundir – Fullgildingarkröfur varðandi gróðurhúsalofttegundir og sannprófunarstofnanir til nota við faggildingu eða annars konar viðurkenningu	7.9.2013	EN ISO 14065:2012 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.10.2015)
CEN	EN ISO 15189:2012 Lækningarannsóknastofur – Sérstakar kröfur um gæði og hæfni (ISO 15189:2012)	13.3.2013	EN ISO 15189:2012 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.11.2015)
CEN	EN ISO 15195:2003 Lækningar á rannsóknarstofum – Kröfur um tilvísunarmælirannsóknarstofur (ISO 15195:2003)	5.10.2011		
CEN	EN ISO/IEC 17000:2004 Samræmismat – Íðorðasafn og almennar vinnureglur (ISO/IEC 17000:2004)	16.6.2009		
CEN	EN ISO/IEC 17011:2004 Samræmismat – Almennar kröfur til faggildingarstofnana sem faggilda samræmismatsstofnanir (ISO/IEC 17011:2004)	16.6.2009		
CEN	EN ISO/IEC 17020:2012 Almenn viðmið um rekstur ýmiss konar stofnana sem annast skoðanir (ISO/IEC 17020:2012)	25.5.2012	EN ISO/IEC 17020:2004 Athugasemd 2.1	Liðinn (1.3.2015)
CEN	EN ISO/IEC 17021:2015 Samræmismat – Kröfur til stofnana sem annast úttektir og vottun stjórnunarkerfa – Hluti 1: Kröfur (ISO/IEC 17021-1:2015)	11.12.2015	EN ISO/IEC 17021:2011 Athugasemd 2.1	8.7.2017
CEN	EN ISO/IEC 17024:2012 Samræmismat – Almennar kröfur til stofnana sem annast vottun fagfólks (ISO/IEC 17024:2003)	7.9.2013	EN ISO/IEC 17024:2003 Athugasemd 2.1	Liðinn (1.7.2015)
CEN	EN ISO/IEC 17025:2005 Almennar kröfur varðandi hæfni prófunar- og kvörðunarstofa (ISO/IEC 17025:2005)	16.6.2009		
	EN ISO/IEC 17025:2005/AC:2006	16.6.2009		
CEN	EN ISO/IEC 17040:2005 Samræmismat – Almennar kröfur um jafningjamat samræmismatsstofnana og faggildingarstofnana (ISO/IEC 17040:2005)	16.6.2009		
CEN	EN ISO/IEC 17043:2010 Samræmismat – Almennar kröfur um frammistöðumat (ISO/IEC 17043:2010)	28.11.2013		

Evrópsk staðlasamtök <sup>(1)</sup>	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Fyrsti birtingardagur í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN ISO/IEC 17050-1:2010 Samræmismat – Yfirlýsingar birgja um samræmi – Hluti 1: Almennar kröfur	5.10.2011	EN ISO/IEC 17050-1:2004 Athugasemd 2.1	Liðinn (5.10.2011)
CEN	EN ISO/IEC 17050-2:2004 Samræmismat – Yfirlýsingar birgja um samræmi – Hluti 2: Fylgiskjöl (ISO/IEC 17050-2:2004)	16.6.2009		
CEN	EN ISO/IEC 17065:2012 Samræmismat – Kröfur til aðila sem votta vörur, ferli og þjónustu (ISO/IEC 17065:2012)	7.9.2013	EN ISO/IEC 17065:1998 Athugasemd 2.1	Liðinn (15.9.2015)
CEN	EN ISO/IEC 17067:2013 Samræmismat – Grunnatriði vöruvottunar og leiðbeiningar um vöruvottunarkerfi (ISO/IEC 17067:2013)	12.2.2016		
CEN	EN ISO 19011:2011 Leiðbeiningar um úttektir gæða- og/eða umhverfisstjórnunarkerfa (ISO 19011:2011)	25.5.2012	EN ISO 19011:2002 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.5.2012)
CEN	EN ISO 22870:2006 Nándarrannsóknir (POCT) – Kröfur um gæði og hæfni (ISO 22870:2006)	5.10.2011		

<sup>(1)</sup> CEN: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25500811, bréfasími +32 25500819 (<http://www.cen.eu>)  
CENELEC: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25196871, bréfasími +32 25196919 (<http://www.cenelec.eu>)  
ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, FRANCE, sími +33 492944200, bréfasími +33 493654716 (<http://www.etsi.eu>)

- Athugasemd 1: Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (date of withdrawal eða „dow“) sem evrópsku staðlasamtökin ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.
- Athugasemd 2.1: Nýi (eða breytti) staðallinn hefur sama gildissvið og sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðkomandi Sambandslöggjafar.
- Athugasemd 2.2: Nýi staðallinn hefur rýmra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðkomandi Sambandslöggjafar.
- Athugasemd 2.3: Nýi staðallinn hefur þrengra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi (að hluta), að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðkomandi Sambandslöggjafar að því er varðar vörur eða þjónustu sem falla undir gildissvið nýja staðalsins. Ætlað samræmi við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðkomandi Sambandslöggjafar gildir óbreytt að því er varðar vörur eða þjónustu sem falla áfram undir gildissvið staðalsins sem leystur er af hólmi (að hluta) en ekki undir gildissvið nýja staðalsins.
- Athugasemd 3: Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi, er því EN CCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðkomandi Sambandslöggjafar.

*Athugið:*

- Upplýsingar um hvernig nálgast má staðlana fást hjá evrópsku staðlasamtökunum eða staðlastofnunum einstakra ríkja, sjá skrá sem birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* samkvæmt 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012 <sup>(1)</sup>.
- Evrópsk staðlasamtök gefa samhæfða staðla út á ensku (Staðlasamtök Evrópu, CEN, og Rafstaðlasamtök Evrópu, CENELEC, gefa staðla sína einnig út á frönsku og þýsku). Heiti samhæfðra staðla eru síðan þýdd á öll önnur tilskilin opinber tungumál Evrópska efnahagssvæðisins og fer þýðingin fram á vegum staðlastofnunar hvers lands. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og EFTA-skrifstofan ábyrgjast ekki að staðlaheiti, sem borist hafa til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða EES-viðbæti við þau, séu rétt.
- Vísanir í leiðréttingar „.../AC:YYYY“ eru aðeins birtar til upplýsingar. Með leiðréttingu eru prentvillur, málvillur eða sambærilegar villur fjarlægðar úr texta staðals og þær geta varðað eina eða fleiri tungumálaútgáfur (ensku, frönsku og/eða þýsku) staðals sem evrópsk staðlasamtök hafa samþykkt.
- Þótt tilvísunarnúmer staðla séu birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* merkir það ekki að þeir séu til á öllum tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Þessi skrá kemur í stað annarra slíkra sem birst hafa í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur uppfærslu hennar með höndum.
- Nánari upplýsingar um samhæfða staðla og aðra evrópska staðla er að finna á eftirfarandi vefslóð:

[http://ec.europa.eu/enterprise/policies/european-standards/harmonised-standards/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/enterprise/policies/european-standards/harmonised-standards/index_en.htm)

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12